

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/26/ESB

2017/EES/67/49

frá 26. febrúar 2014

**um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (\*)**

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. gr. (1. mgr.), 53. gr. (1. mgr.) og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipanir Sambandsins, sem hafa verið samþykktar á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda, veita réttihöfum nú þegar víðtæka vernd og þar með ramma sem tekur til nýtingar á efni sem verndað er með þessum réttindum. Þessar tilskipanir stuðla að þróun og viðhaldi sköpunarmáttar. Á innri markaði þar sem ekki er röskun á samkeppni er vernd nýsköpunar og hugverka einnig hvatning til að fjárfesta í nýsköpunarþjónustu og -vörum.
- 2) Við dreifingu efnis sem er verndað af höfundarrétti og skyldum réttindum, þ.m.t. bækur, efni fyrir hljóð- og myndmiðla og tónlistarupptökur og þjónusta tengd því, er nauðsynlegt að fá leyfi fyrir réttindunum frá mismunandi handhöfum höfundarréttar og skyldra réttinda, s.s. höfundum, listflytjendum, framleiðendum og útgefendum. Yfirleitt er það réttihafinn sem velur milli einstaklingsbundinnar eða sameiginlegrar umsýslu

réttinda sinna, nema aðildarríkin kveði á um annað, í samræmi við löggjöf Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins og aðildarríkja þess. Umsýsla höfundarréttar og skyldra réttinda tekur til leyfisveitinga til notenda, úttektar á notendum, eftirlits með notkun réttinda, framfylgdar höfundarréttar og skyldra réttinda, innheimtu tekna af réttindum sem leiðir af nýtingu réttindanna og úthlutun fjárhæða sem ber að greiða réttihöfum. Sameiginlegar umsýslustofnanir sjá til þess að réttihafar fái endurgjald vegna notkunar sem þeir væru ekki í aðstöðu til að hafa eftirlit með eða framfylgja sjálfir, þ.m.t. á erlendum mörkuðum.

- 3) Í ákvæðum 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er þess krafist að Sambandið taki tillit til menningarlegrar fjölbreytni í aðgerðum sínum og stuðli að því að menning aðildarríkjanna nái að blómstra og virði margbreytileika þeirra eftir löndum og svæðum, en haldi jafnframt sameiginlegri menningararfleið á lofti. Sameiginlegar umsýslustofnanir gegna, og ættu að gegna áfram, mikilvægu hlutverki með því að stuðla að fjölbreytileika menningarlegra tjáningarforma, bæði með því að veita þeim verkaskrár sem hafa að geyma fæst verk og eru síður vinsælar aðgang að markaðnum og með því að veita félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu í þágu rétthafa sinna og almennings.
- 4) Sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu í Sambandinu ættu að geta notið þess frelsis sem kveðið er á um í sáttmálanum þegar þær eru í fyrirsvari fyrir rétthafa sem eru búsettir eða með staðfestu í öðrum aðildarríkjum eða annast leyfisveitingar til notenda sem eru búsettir eða með staðfestu í öðrum aðildarríkjum.
- 5) Mikill munur er á milli landsreglna sem gilda um starfsemi slíkra sameiginlegra umsýslustofnana, einkum að því er varðar gagnsæi þeirra og ábyrgðarskyldu gagnvart félagsaðilum þeirra og réttihöfum. Þetta hefur í mörgum tilvikum valdið erfiðleikum, einkum fyrir erlenda rétthafa þegar þeir leita réttar síns, og lélegri fjármálastjórnun á innheimtum tekjum. Vandkvæði varðandi starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana leiða til óhagkvæmni við nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda á öllum innri markaðnum, og eru til boga fyrir félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana, rétthafa og notendur.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 104.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 4. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. febrúar 2014.

- 6) Þörfin á að bæta starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana hefur þegar verið skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB <sup>(1)</sup>. Í þeim tilmælum eru settar fram nokkrar meginreglur, s.s. að rétt höfum sé frjálst að velja sér sameiginlegar umsýslustofnanir, að mismunandi flokkar rétthafa fái jafna meðferð og að úthlutun rétthafagreiðslna sé sanngjörn. Þar er mælt til þess að sameiginlegar umsýslustofnanir sjái notendum fyrir fullnægjandi upplýsingum um gjaldskrár og verkaskrár áður en samningaviðræður fara fram milli þeirra. Í þeim eru einnig tilmæli um ábyrgðarskyldu, fyrirsvar rétthafa hjá þeim aðilum sem fara með ákvarðanatöku innan sameiginlegra umsýslustofnana og lausn deilumála. Tilmælunum hefur hins vegar verið misjafnlega fylgt eftir.
- 7) Hagsmunavernd félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana, rétthafa og þriðju aðila krefst þess að lög aðildarríkjanna er varða umsýslu höfundarréttar og leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum skuli samræmd með það fyrir augum að verndarráðstafanir séu jafngildar alls staðar í Sambandinu. Af þeim sökum ætti lagagrunnur þessarar tilskipunar að vera 1. mgr. 50. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 8) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að kveða á um samræmingu landsreglna um aðgang sameiginlegra umsýslustofnana að þeirri starfsemi sem lýtur að umsjón með höfundarrétti og skyldum réttindum, fyrirkomulagi við stjórnun þeirra og eftirlitsramma, því ætti 1. mgr. 53. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins einnig að vera lagagrunnur hennar. Auk þess ætti lagagrunnur þessarar tilskipunar, þar sem hún tekur til geira sem veitir þjónustu í öllu Sambandinu, að vera 62. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 9) Tilgangurinn með þessari tilskipun er að mæla fyrir um ákvæði, sem gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir, í því skyni að tryggja strangar kröfur um stjórnunarhætti, fjármálastjórnun, gagnsæi og skýrslugjöf. Þetta ætti þó ekki að fyrirbyggja að aðildarríkin viðhaldi eða geri strangari kröfur, í tengslum við sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á yferráðasvæði þeirra, en þær sem mælt er fyrir um í II. bálki þessarar tilskipunar, svo fremi að strangari kröfur á borð við þær séu í samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 10) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að aðildarríki beiti sömu eða sambærilegum ákvæðum varðandi sameiginlegar umsýslustofnanir sem hafa staðfestu utan Sambandsins en eru starfræktar í því aðildarríki.
- 11) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að sameiginlegar umsýslustofnanir geri fyrirsvarssamninga við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir — í samræmi við samkeppnisreglurnar sem mælt er fyrir um í 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins — á sviði réttindaumsýslu til þess að auðvelda, bæta og einfalda málsmeðferð vegna leyfisveitinga til notenda, þ.m.t. að því er varðar að gera einn reikning, við jafngild, gagnsæ skilyrði og án mismununar, einnig vegna leyfisveitinga yfir landamæri á öðrum sviðum en þeim sem um getur í III. bálki þessarar tilskipunar.
- 12) Þessi tilskipun, sem gildir um allar sameiginlegar umsýslustofnanir, að undanskildum III. bálki sem gildir einungis um sameiginlegar umsýslustofnanir sem annast sameiginlega umsýslu höfundarréttinda á tónverkum til netnotkunar yfir landamæri, stangast ekki á við fyrirkomulag við réttindaumsýslu í aðildarríkjunum, s.s. einstaklingsbundna umsýslu, rýmkuð áhrif samnings milli viðkomandi sameiginlegrar umsýslustofnunar og notanda, þ.e. samningskvaðaleyfi, skyldubundna sameiginlega umsýslu, lagalegar forsendur fyrir málsvari og yfirfærslu réttinda til sameiginlegra umsýslustofnana.
- 13) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á þann möguleika aðildarríkja að ákvarða, í þessu skyni, með lögum, reglugerð eða annarri sérstakri málsmeðferð, sanngjarnar bætur til rétthafa fyrir undanþágur eða takmarkanir á rétti til eftirgerðar, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB <sup>(2)</sup>, og greiðslur til rétthafa vegna frávika frá einkarétti til útlána til almennings, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB <sup>(3)</sup>, sem gildir á yferráðasvæði þeirra ásamt þeim skilyrðum sem gilda um innheimtu þeirra.
- 14) Í þessari tilskipun er þess ekki krafist að sameiginlegar umsýslustofnanir innleiði sérstakt lögákvæðið rekstrarform. Í raun fellur starfsemi þessara stofnana undir mismunandi lögákvæðin rekstrarform, s.s. samtök, samvinnufélög eða félög með takmarkaðri ábyrgð sem eru undir yferráðum eða í eigu handhafa höfundarréttar og skyldra réttinda eða eininga sem eru fulltrúar slíkra rétthafa. Í sumum undantekningartilvikum er þó, vegna lögákvæðins rekstrarforms sameiginlegrar umsýslustofnunar, ekki um eignarhald eða yferráð að ræða. Þetta á t.d. við um sjálfseignarstofnanir sem ekki hafa

<sup>(1)</sup> Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB frá 18. maí 2005 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda yfir landamæri fyrir löglega tónlistarþjónustu á Netinu (Stjtið. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 54).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinnna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkarréttar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

félagsaðila. Samt sem áður ættu ákvæði þessarar tilskipunar einnig að gilda um þessar stofnanir. Á sama hátt ættu aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að skuldbindingar samkvæmt þessari tilskipun verði sniðgengnar með valinu á lögákvæðnu rekstrarformi. Vakin skal athygli á því að einingar, sem eru í fyrirsvari fyrir rétthafa og sem eru félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana, geta verið aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir, samtök rétthafa, stéttarfélög eða önnur samtök.

- 15) Rétthöfum ætti að vera frjálst að fela sjálfstæðum umsýslueiningum að annast réttindi sín. Slíkar sjálfstæðar umsýslueiningar eru viðskiptaeiningar sem eru frábrugðnar sameiginlegum umsýslustofnunum, m.a. vegna þess að þær eru ekki í eigu eða undir yfirráðum rétthafa. En að svo miklu leyti sem sjálfstæðar umsýslueiningar stunda sömu starfsemi og sameiginlegar umsýslustofnanir ætti þeim að vera skylt að sjá þeim rétthöfum, sem þær eru í fyrirsvari fyrir, sameiginlegum umsýslustofnunum, notendum og almenningi fyrir tilteknum upplýsingum.
- 16) Framleiðendur efnis fyrir hljóð- og myndmiðla, hljómplötuframleiðendur og útvarpsrekendur veita leyfi fyrir eigin réttindum, í ákveðnum tilvikum samhliða réttindum sem t.d. listflytjendur hafa framselt þeim á grundvelli samninga sem gerðir eru sérstaklega og starfa í eigin þágu. Útgefendur bóka, tónlistar eða fréttablaða veita leyfi fyrir réttindum, sem þeim hafa verið framseld á grundvelli samninga sem gerðir eru sérstaklega og starfa í eigin þágu. Því ætti ekki að líta á framleiðendur efnis fyrir hljóð- og myndmiðla, hljómplötuframleiðendur, útvarpsrekendur og útgefendur sem „sjálfstæðar umsýslueiningar“. Enn fremur ætti ekki að líta á umboðsmenn og fulltrúa höfunda og listflytjenda, sem starfa sem milliliðir og koma fram fyrir hönd rétthafa í samskiptum þeirra við sameiginlegar umsýslustofnanir, sem „sjálfstæðar umsýslueiningar“ þar sem þeir hafa ekki umsjón með málum er varða réttindi í þeim skilningi að ákvarða gjaldskrár, veita leyfi eða innheimta peninga frá notendum.
- 17) Sameiginlegum umsýslustofnunum ætti að vera frjálst að láta dótturfyrirtæki eða aðrar einingar undir þeirra yfirráðum sjá um tiltekna starfsemi á þeirra vegum, s.s. að útbúa reikninga á notendur eða úthluta fjárhæðum til rétthafa. Í slíkum tilvikum ættu þau ákvæði þessarar tilskipunar, sem myndu gilda ef sameiginlegar umsýslustofnanir sæju beint um viðkomandi starfsemi, að gilda um starfsemi dótturfyrirtækjanna eða annarra eininga.
- 18) Til þess að tryggja að handhafar höfundarréttar og skyldra réttinda geti nýtt sér til fulls innri markaðinn þegar umsýsla réttinda þeirra er sameiginleg og að frelsi þeirra til að neyta réttinda sinna verði ekki fyrir áhrifum að ástæðulausu er nauðsynlegt að kveða á um viðeigandi verndarráðstafanir í samþykktum

sameiginlegra umsýslustofnana. Enn fremur ættu sameiginlegar umsýslustofnanir ekki að mismuna réttihöfum beint eða óbeint á grundvelli þjóðernis þeirra, búsetustaðar eða staðfestustaðar þegar þeir veita þeim umsýsluþjónustu.

- 19) Með hliðsjón af því frelsi sem komið var á með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins ætti að fylgja sameiginlegri umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda að rétthafa sé frjálst að velja sameiginlega umsýslustofnun til að sjá um réttindi sín, hvort sem þessi réttindi fela í sér miðlun til almennings eða réttindi til fjölföldunar, eða réttindaflokka sem eru tengdir ákveðnu formi nýtingar, s.s. dreifingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis, leikhússýningum eða afritun til dreifingar á Netinu svo fremi að sú sameiginlega umsýslustofnun sem rétthafinn kys að velja sér annist þegar slík réttindi eða flokka réttinda.

Samþykkja ætti réttindi, réttindaflokka eða tegundir verka og annað efni, sem sameiginleg umsýslustofnun annast, á aðalfundi félagsaðila hennar ef þau hafa ekki þegar verið ákvörðuð í samþykktum hennar eða kveðið á um þau í lögum. Mikilvægt er að réttindi og réttindaflokkar verði ákvörðuð á þann hátt að jafnvægi sé milli umráðaréttar rétthafa á verkum sínum og annars efnis og getu stofnunarinnar til að sjá um réttindin á skilvirkan hátt, einkum með tilliti til réttindaflokkanna sem stofnunin annast og þess skapandi geira sem hún starfar í. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til þessa jafnvægis ættu rétthafar auðveldlega að geta dregið til baka slík réttindi eða réttindaflokka frá sameiginlegri umsýslustofnun og annast sjálfir þau réttindi eða falið eða framselt umsýslu þeirra, að öllu leyti eða að hluta, annari umsýslustofnun eða annari einingu, án tillits til þess í hvaða aðildarríki sameiginlega umsýslustofnunarinnar, hin einingin eða rétthafinn hefur ríkisfang, búsetu eða staðfestu. Ef aðildarríki, í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins og aðildarríkja þess, kveður á um skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda myndi val rétthafa takmarkast við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir.

Sameiginlegar umsýslustofnanir sem annast mismunandi tegundir verka og annað efni, s.s. bókmennta-, tónlistar- eða ljósmyndaverk, ættu einnig að veita rétthöfum þennan sveigjanleika að því er varðar umsýslu mismunandi tegunda verka og annars efnis. Að því leyti er varðar notkun sem tengist ekki viðskiptahagsmunum ættu aðildarríki að sjá til þess að sameiginlegar umsýslustofnanir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar þeirra geti neytt þess réttar að veita leyfi fyrir slíkri notkun. Slíkar ráðstafanir ættu m.a. að fela í sér ákvörðun sameiginlegu umsýslustofnunarinnar um skilyrðin sem tengjast því að neyta þeirra réttinda ásamt því að veita

félagsaðilum hennar upplýsingar um þessi skilyrði. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að tilkynna réttihöfum um þessa valmöguleika og gera þeim kleift að neyta réttindanna sem tengjast þessum möguleikum eins auðveldlega og hægt er. Þetta má tilkynna réttihöfum, sem þegar hafa veitt sameiginlegu umsýslustofnuninni heimild, á vefsíðu stofnunarinnar. Krafa um samþykki réttihafa að því er varðar leyfi til að annast hver og ein réttindi, réttindaflokka eða tegundir verka og annað efni ætti ekki að koma í veg fyrir að réttihafar samþykki fyrirhugaðar síðari breytingar á því leyfi með þegjandi samkomulagi í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í landslögum. Hvorki samningsbundið fyrirkomulag, þar sem uppsögn eða afturköllun af hálfu réttihafa hefur tafarlaus áhrif á leyfi sem eru veitt áður en til slíkrar uppsagnar eða afturköllunar kemur, né samningsbundið fyrirkomulag, þar sem slík leyfi verða ekki fyrir áhrifum í tiltekinn tíma eftir slíka uppsögn eða afturköllun, er, sem slíkt, útilokað með þessari tilskipun. Slíkt fyrirkomulag ætti þó ekki að hamla gegn því að þessari tilskipun sé beitt að fullu. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á möguleika réttihafa til annast réttindi sín hver fyrir sig, þ.m.t. vegna notkunar sem er ekki í viðskiptaskyni.

20) Aðild að sameiginlegum umsýslustofnunum ætti að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, þ.m.t. að því er varðar útgefendur sem á grundvelli samnings um nýtingu réttinda eiga rétt á hluta tekna af réttindunum sem sameiginlegar umsýslustofnanir annast og að innheimta slíkar tekjur hjá þeim. Þessar viðmiðanir ættu ekki að skuldbinda sameiginlegar umsýslustofnanir til að taka við félagsaðilum með réttindi, réttindaflokka eða tegundir verka eða annað efni sem fellur utan starfssviðs þeirra. Í skráum sem sameiginleg umsýslustofnun heldur ætti að koma fram auðkenning og staðsetning félagsaðila hennar og réttihafa sem hún sinnir réttindagæslu fyrir á grundvelli leyfis viðkomandi réttihafa.

21) Til þess að vernda þessa réttihafa, þegar sameiginlega umsýslustofnunin er beint í fyrirsvari fyrir réttindi þeirra en þeir uppfylla ekki aðildarkröfur hennar, þykir rétt að krefjast þess að tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar er varða félagsaðila gildi einnig um slíka réttihafa. Aðildarríki ættu að geta veitt slíkum réttihöfum rétt til að taka þátt í ákvarðanatökufjerli sameiginlegu umsýslustofnunarinnar.

22) Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að starfa með bestu sameiginlega hagsmuni réttihafanna, sem þær eru í fyrirsvari fyrir, að leiðarljósi. Því er mikilvægt að hafa

kerfi sem gera félagsaðilum sameiginlegrar umsýslustofnunar kleift að neyta aðildarréttar síns með því að taka þátt í ákvarðanatökufjerli hennar. Sumar sameiginlegar umsýslustofnanir hafa mismunandi flokka félagsaðila sem geta verið fulltrúar mismunandi tegunda réttihafa, s.s. framleiðendur og listflytjendur. Fyrirsvar í ákvarðanatökufjerli vegna þessara mismunandi flokka félagsaðila ætti að vera sanngjarnt og jafnt. Grundvöllurinn fyrir skilvirkni reglna um aðalfund félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana myndi veikjast ef ekki væru ákvæði um hvernig ætti að halda aðalfund. Því er nauðsynlegt að tryggja að boðað sé til aðalfundar reglulega, a.m.k. árlega, og að mikilvægustu ákvarðanir sameiginlegrar umsýslustofnunar séu teknar á aðalfundi.

23) Allir félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana ættu að fá að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði. Nýting þessara réttinda ætti einungis að vera háð sanngjörnum og hóflegum takmörkunum. Í sumum undantekningartilvikum er sameiginlegum umsýslustofnunum komið á fót með lögskipuðu rekstrarformi sjálfseignarstofnunar og hafa því ekki neina félagsaðila. Í slíkum tilvikum ætti aðilinn sem er falið eftirlitshlutverkið að fara með valdheimildir aðalfundar félagsaðila. Ef einingar, sem eru fulltrúar réttihafa, eru félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana, eins og kann að vera ef sameiginleg umsýslustofnun er félag með takmarkaðri ábyrgð og félagsaðilar hennar eru samtök réttihafa, ættu aðildarríkin að geta séð til þess að fundur þessara réttihafa fari með valdheimildir aðalfundar félagsaðila, að hluta eða öllu leyti. Aðalfundur félagsaðila ætti a.m.k. að hafa vald til að setja ramma um starfsemi umsýslunnar, einkum með tilliti til notkunar sameiginlegu umsýslustofnunarinnar á tekjum af réttindum. Þetta ætti þó að vera með fyrirvara um möguleika aðildarríkja til að setja strangari reglur, t.d. um fjárfestingar, samruna eða lántökur, þ.m.t. bann við viðskiptum af þeim toga. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að hvetja til virkrar þátttöku félagsaðila sinna á aðalfundinum. Auðvelda ætti félagsaðilum sem sitja aðalfundinn að neyta atkvæðisréttar og einnig þeim sem eru fjarverandi. Auk þess að geta nýtt réttar síns með rafrænum hætti ættu félagar að geta tekið þátt í aðalfundi félagsaðila og greitt atkvæði með því að veita öðrum umboð. Atkvæðagreiðsla með umboði ætti að vera takmörkuð ef um er að ræða hagsmunaaárekstra. En jafnframt ættu aðildarríki einungis að setja takmarkanir að því er varðar umboð ef það hefur ekki áhrif á viðeigandi og skilvirka þátttöku félagsaðila í ákvörðunartökufjerlinu. Einkum stuðlar tilnefning handhafa umboðs að viðeigandi og skilvirkri þátttöku félagsaðila í ákvörðunartökufjerlinu og veitir réttihöfum raunverulegt tækifæri til að velja sér sameiginlega umsýslustofnun án tillits til þess í hvaða aðildarríki stofnunin hefur staðfestu.

- 24) Félagsaðilar ættu að fá að taka þátt í stöðugu eftirliti með rekstri sameiginlegra umsýslustofnana. Í því skyni ættu þessar stofnanir að gegna eftirlitshlutverki sem hæfir stjórnskipulagi þeirra og ættu að gera ráð fyrir að aðilinn sem gegnir því hlutverki sé í fyrirsvari fyrir félagsaðila. Með hliðsjón af stjórnskipulagi sameiginlegru umsýslustofnunarinnar getur sérstakur aðili gegnt eftirlitshlutverkinu, t.d. eftirlitsstjórn eða einhverjir eða allir stjórnarmenn sem stjórna ekki starfsemi umsýslustofnunarinnar. Krafan um sanngjarnt og jafnvægt fyrirvar félagsaðila ætti ekki að koma í veg fyrir að sameiginleg umsýslustofnun tilnefni þriðju aðila til að gegna eftirlitshlutverkinu, þ.m.t. einstaklinga með viðeigandi sérfræðipækkingu og rétthafa sem uppfylla ekki kröfur um félagsaðild eða sem stofnunin er í fyrirsvari fyrir, ekki beint heldur fyrir milligöngu einingar sem er félagsaðili umsýslustofnunarinnar.
- 25) Í þágu traustrar stjórnunar verður stjórnun sameiginlegra umsýslustofnana að vera óháð. Gera ætti þá kröfu á stjórnendur, hvort sem þeir eru kjörnir stjórnarmenn, ráðnir sem slíkir eða starfsmenn stofnunarinnar á grundvelli samnings, að þeir lýsi því yfir, áður en þeir taka við stöðunni og eftir það á hverju ári, hvort um hagsmunaaðreksra sé að ræða milli þeirra og rétthafanna sem sameiginlega umsýslustofnunin er í fyrirsvari fyrir. Einstaklingar sem gegna eftirlitshlutverki ættu einnig að gefa þess háttar árlegar yfirlýsingar. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að fara fram á að sameiginlegar umsýslustofnanir gefi slíkar yfirlýsingar opinberlega eða leggi þær fyrir opinber yfirlit.
- 26) Sameiginlegar umsýslustofnanir innheimta tekjur af nýtingu þeirra réttinda sem rétthafar treysta þeim fyrir, hafa umsjón með þeim og úthluta þeim. Þær tekjur ganga að lokum til rétthafa sem geta haft bein lagaleg tengsl við stofnunina eða njóta fyrirvars hennar fyrir milligöngu einingar sem er félagsaðili umsýslustofnunarinnar eða á grundvelli fyrirvarssamnings. Því er mikilvægt að sameiginleg umsýslustofnun sýni yfstrustu kostgæfni við innheimtu, umsýslu og úthlutun þessara tekna. Rétt úthlutun er einungis möguleg ef sameiginleg umsýslustofnun heldur nákvæma skrá yfir félagsaðila, leyfi og notkun verka og annars efnis. Rétthafar og notendur ættu einnig að útvega viðeigandi gögn, sem þörf er á fyrir skilvirka sameiginlega umsýslu réttinda, og sameiginlega umsýslustofnunin ætti að staðfesta þau.
- 27) Innheimtar fjárhæðir, sem réthöfum ber, ættu að vera aðgreindar frá eignum stofnunarinnar í bókhaldi. Með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkja að kveða á um strangari reglur um fjárfestingar, þ.m.t. bann við því að nota tekjur af réttindum til fjárfestinga, ætti framkvæmdin, ef slíkar fjárhæðir eru notaðar til fjárfestinga, að vera í samræmi við almenna fjárfestingar- og áhættustjórnunarstefnu sameiginlegru umsýslustofnunarinnar. Til þess að viðhalda víðtækri verndun réttinda rétthafa og til að tryggja að tekjur, sem kunna að skapast af nýtingu slíkra réttinda, safnist upp þeim í hag, ætti fjárfestingum, sem sameiginleg umsýslustofnun ræðst í og heldur utan um, að vera stjórnað í samræmi við viðmiðanir sem gerðu stofnuninni skylt að sýna varfærni en gera henni jafnframt kleift að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingarstefnuna. Þá ætti sameiginleg umsýslustofnun að vera fær um að velja eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og varanleika hvers konar áhættu vegna fjárfestingar tekna af réttindum og hefur ekki óréttmæt áhrif á réttindatekjur sem rétthafar eiga tilkall til.
- 28) Þar sem rétthafar eiga rétt á að fá greitt fyrir nýtingu á réttindum sínum er mikilvægt að umsýslukostnaður fari ekki yfir réttlætlanlegan kostnað við umsýslu réttindanna og að félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar ættu að ákvarða hvers konar frádrátt annan en þann er varðar umsýslukostnað, t.d. frádrátt í félagslegum, menningarlegum eða menntunartengdum tilgangi. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að vera gagnsæjar gagnvart réthöfum að því er varðar þær reglur sem gilda um slíkan frádrátt. Sömu kröfur ættu að gilda um hvers konar ákvörðun um að nota tekjur af réttindum til sameiginlegrar úthlutunar, s.s. námsstyrkja. Rétthafar ættu að hafa aðgang, án mismununar, að hvers konar félagslegri, menningarlegri eða menntunartengdri þjónustu sem er fjármögnuð með slíkum frádrætti. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á frádrátt samkvæmt landslögum, s.s. frádrátt vegna veittrar félagslegrar þjónustu sameiginlegra umsýslustofnana til rétthafa, að því er varðar þætti sem þessi tilskipun nær ekki til, svo fremi að slíkur frádráttur sé í samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 29) Úthlutun og greiðsla fjárhæða til einstakra rétthafa eða, eftir atvikum, til flokka rétthafa, ætti að framkvæma tímanlega og í samræmi við almenna stefnu viðkomandi sameiginlegrar umsýslustofnunar um úthlutun, þ.m.t. þegar þær eru inntar af hendi fyrir milligöngu annarrar einingar sem er í fyrirsvari fyrir rétthafana. Eingöngu hlutlægar ástæður sem sameiginleg umsýslustofnun fær ekki ráðið við getur réttlætt töf á úthlutun og greiðslu fjárhæða sem réthöfum ber að fá. Af þeim sökum ættu aðstæður eins og að réttindatekjur sem notaðar hafa verið í fjárfestingar séu háðar gjalddaga, ekki að teljast gildar ástæður fyrir slíkri töf. Rétt er að láta aðildarríkin um að ákveða reglur sem tryggja tímanlega úthlutun og skilvirka leit að, og auðkenningu á, réthöfum í þeim tilvikum þegar hlutlægar ástæður sem þessar koma upp. Til þess að tryggja að fjárhæðum sem rétthafar eiga að fá sé úthlutað réttilega og af skilvirkni, með fyrirvara

um þann möguleika að aðildarríki setji strangari reglur, er nauðsynlegt að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir geri ráðstafanir af skynsemi og kostgæfni og í góðri trú, til að staðfesta deili á og finna viðkomandi rétthafa. Einnig þykir rétt að félagsaðilar sameiginlegra umsýslustofnana, að því marki sem heimilt er samkvæmt landslögum, ættu að ákveða hvernig nota beri fjárhæðir sem ekki er hægt að úthluta í þeim tilvikum þegar ekki er vitað hverjir rétthafarnir sem eiga rétt á þessum fjárhæðum eru eða ekki er hægt að hafa uppi á þeim.

30) Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að geta haft umsjón með réttindum og innheimt tekjur vegna nýtingar á þeim á grundvelli fyrirvarssamninga við aðrar stofnanir. Til að vernda réttindi félagsaðila annarrar sameiginlegrar umsýslustofnunar ætti sameiginleg umsýslustofnun ekki að gera greinarmun á þeim réttindum sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirvarssamninga og þeim sem hún annast beint fyrir rétthafa sína. Sameiginlegri umsýslustofnun ætti ekki heldur að vera heimilt að nýta annan frádrátt af réttindatekjum, sem innheimtar eru fyrir hönd annarrar umsýslustofnunar, en frádrátt vegna umsýslukostnaðar nema að fengnu ótvíræðu samþykki hinnar stofnunarinnar. Einnig er rétt að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir úthluti og inni af hendi greiðslur til annarra stofnana á grundvelli slíkra fyrirvarssamninga eigi síðar en þegar þær úthluta og greiða eigin félagsaðilum og einnig rétt höfum sem ekki eru félagsaðilar þeirra en þær eru í fyrirvari fyrir. Enn fremur ætti að krefjast þess að viðtökustofnunin sjálf úthluti án tafar fjárhæðum sem rétthafar, sem hún er í fyrirvari fyrir, eiga að fá.

31) Sanngjarnir viðskiptaskilmálar án mismununar við leyfisveitingar eru einkum mikilvægir til að tryggja að notendur geti fengið leyfi til að nota verk og annað efni sem tengist þeim réttindum sem sameiginleg umsýslustofnun er í fyrirvari fyrir og til að tryggja rétt höfum viðeigandi þóknun. Því ættu sameiginlegar umsýslustofnanir og notendur að hefja samninga- viðræður í góðri trú og nota gjaldskrár sem ætti að ákvarða á grundvelli hlutlægra viðmiðana og án mismununar. Rétt er að krefjast þess að leyfisgjald eða þóknun sem sameiginlegar umsýslustofnanir ákvarða sé sanngjörn, m.a. að því er varðar fjárhagslegt virði notkunar á réttindunum í tilteknu samhengi. Loks ættu sameiginlegar umsýslustofnanir að bregðast við beiðnum notenda um leyfi án ástæðulausrar tafar.

32) Í stafrænu umhverfi þurfa sameiginlegar umsýslustofnanir reglulega að veita leyfi fyrir réttindum á verkaskrá sinni vegna algerlega nýrra nýtingarforma og viðskiptalíkana. Í slíkum tilvikum og til þess að

stuðla að umhverfi sem er hagstætt til að þróa slík leyfi, með fyrirvara um beitingu reglna samkeppnislaga, ættu sameiginlegar umsýslustofnanir að hafa þann sveigjanleika sem þarf til að veita, eins hratt og auðið er, einstaklingsbundin leyfi til þjónustu vegna nýsköpunar á Netinu án þess að hætta sé á að skilmálar þessara leyfa verði notaðir sem fordæmi til að ákvarða skilmála fyrir önnur leyfi.

33) Til þess að tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir geti uppfyllt skuldbindingarnar sem settar eru fram í þessari tilskipun ættu notendur að gefa þessum stofnunum viðeigandi upplýsingar um notkun réttindanna sem þær eru í fyrirvari fyrir. Þessi skuldbinding ætti ekki að gilda um einstaklinga sem starfa að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðju eða sérgrein þeirra, og falla því utan þeirrar skilgreiningar á notanda sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Enn fremur ættu upplýsingar sem sameiginlegar umsýslustofnanir krefjast að takmarkast við þær sem eru réttmætar, nauðsynlegar og tiltækar notendum, til þess að slíkar stofnanir geti sinnt starfi sínu með tilliti til sérstakra aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá skuldbindingu mætti fella inn í samning milli sameiginlegrar umsýslustofnunar og notanda; þetta útilokar ekki lögboðinn rétt á upplýsingum í hverju ríki. Frestir sem gilda um upplýsingamiðlun notenda ættu að vera með þeim hætti að sameiginlegar umsýslustofnanir geti fylgt þeim tímamörkum sem sett eru til að úthluta fjárhæðum til rétthafa. Þessi tilskipun ætti að vera með fyrirvara um þann möguleika að aðildarríki geti krafist þess að sameiginlegar umsýslustofnanir á yfirráðasvæði þeirra gefi út sameiginlega reikninga.

34) Til þess að efla traust rétthafa, notenda og annarra sameiginlegra umsýslustofnana á sameiginlegri umsýslu réttinda af hálfu sameiginlegra umsýslustofnana ætti hver sameiginleg umsýslustofnun að uppfylla sérstakar kröfur um gagnsæi. Hver sameiginleg umsýslustofnun eða félagsaðili hennar, sem er eining sem ber ábyrgð á úthlutun eða greiðslu fjárhæða til rétthafa, ætti því að þurfa að veita einstökum rétt höfum tilteknar upplýsingar a.m.k. einu sinni á ári, s.s. um fjárhæðirnar sem þeim eru úthlutaðar eða greiddar og það sem dregið er frá þeim. Þess ætti einnig að vera krafist að sameiginlegar umsýslustofnanir veiti öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sem þær sjá um umsýslu réttinda fyrir samkvæmt fyrirvarssamningum, nægilegar upplýsingar, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar.

35) Til þess að tryggja að rétthafar, aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir og notendur hafi aðgang að upplýsingum um umfang starfsemi stofnunarinnar, verkanna eða annars efnis sem hún er í fyrirvari fyrir, ætti sameiginleg umsýslustofnun að veita upplýsingar

um þessi atriði í svari við vel rökstuddri beiðni. Varðandi það hvort og að hve miklu leyti hægt er að innheimta sanngjörn gjöld fyrir þessa þjónustu ætti að fara að landslögum. Sérhver sameiginleg umsýslustofnun ætti einnig að birta upplýsingar um skipulag sitt og með hvaða hætti hún innir starfsemi sína af hendi, þ.m.t. einkum samþykktir og almenna stefnu um umsýslukostnað, frádrætti og gjaldskrár.

36) Til þess að tryggja að réttihafar séu í aðstöðu til að fylgjast með og bera saman árangur sameiginlegra umsýslustofnana ættu slíkar stofnanir að birta árlega gagnsæisskýrslu með samanburðarhæfum, endurskoðuðum fjárhagsupplýsingum er varða starfsemi þeirra sérstaklega. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu einnig að birta sérstaka ársskýrslu, sem hluta af árlegri gagnsæisskýrslu, um notkun fjárhæða sem ætlaðar eru til félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að sameiginleg umsýslustofnun birti nauðsynlegar upplýsingar fyrir árlegu gagnsæisskýrsluna í einu skjali, t.d. sem lið í árlegum reikningskilum sínum, eða í sérstakri skýrslu.

37) Þeir sem veita þjónustu á Netinu og nota tónverk, s.s. tónlistarþjónustu sem gerir neytendum kleift að hala niður tónlist eða hlusta á hana í streymi, ásamt annarri þjónustu sem veitir aðgang að kvikmyndum eða leikjum þar sem tónlist er mikilvægur þáttur, verða fyrst að fá rétt til að nota slík verk. Í tilskipun 2001/29/EB er þess krafist að leyfi sé fengið fyrir sérhver réttindi til nýtingar tónverka á Netinu. Að því er varðar höfunda fela þessi réttindi í sér einkarétt til eftirgerðar og einkarétt til að miðla tónverkum til almennings sem felur í sér réttinn til að gera þau aðgengileg almenningsi. Þessum réttindum geta einstaka réttihafar haft umsjón með sjálfir, s.s. höfundar eða útgefendur tónlistar, eða þá sameiginlegar umsýslustofnanir sem veita réttihöfum sameiginlega umsýsluþjónustu. Mismunandi sameiginlegar umsýslustofnanir geta haft umsjón með réttindum höfunda til eftirgerðar og miðlunar til almennings. Enn fremur eru tilvik þar sem margir réttihafar eiga rétt á sama verki og kunna að hafa heimilað mismunandi stofnunum að gefa út leyfi fyrir þeirra hlut í réttinum á verkinu. Hver sá notandi sem vill bjóða neytendum þjónustu á Netinu með miklu úrvali af tónverkum þarf að safna saman réttindum á verkum frá mismunandi réttihöfum og sameiginlegum umsýslustofnunum.

38) Enda þótt Netið hafi engin landamæri er markaðurinn á Netinu fyrir tónlistarþjónustu í Sambandinu ennþá slitróttur og stafrænum innri markaði hefur ekki enn verið komið á að öllu leyti. Flókin vandamál og erfiðleikar sem tengjast sameiginlegri umsýslu réttinda í

Evrópu hafa, í mörgum tilvikum, aukið á sundrun stafræna markaðarins í Evrópu fyrir tónlistarþjónustu á Netinu. Þetta ástand er afgerandi mótsögn við ört vaxandi eftirspurn neytenda eftir aðgangi að stafrænu efni og tengdri nýsköpunarþjónustu, þ.m.t. þvert á landamæri.

39) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB er stuðlað að nýju lagaumhverfi sem hentar betur, á vettvangi Sambandsins, fyrir umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda um lögmæta tónlistarþjónustu á Netinu. Þar er viðurkennt að á tímum þegar tónverk eru nýtt á Netinu þurfi að vera fyrir hendi stefna varðandi leyfisveitingar fyrir notendur í atvinnuskyni, sem er í samræmi við dreift netumhverfi án landamæra og nær til margra ríkja. Tilmælin hafa þó ekki verið fullnægjandi hvatning til að stuðla að almennum leyfisveitingum yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum eða finna lausn á sérstökum kröfum um leyfisveitingar yfir landamæri.

40) Innan tónlistargeirans á Netinu, þar sem sameiginleg umsýsla höfundarréttar á landsvísu tíðkast, er nauðsynlegt að skapa skilyrði sem stuðla að því að sameiginlegar umsýslustofnanir beiti skilvirkustu starfsvenjum við leyfisveitingar sem ná yfir landamæri í æ ríkari mæli. Því er rétt að setja reglur sem mæla fyrir um grunnskilyrði fyrir leyfisveitingar sameiginlegra umsýslustofnana á höfundarréttindum yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum, þ.m.t. á textum. Sömu reglur ættu að gilda um slíkar leyfisveitingar fyrir öll tónverk, þ.m.t. tónverk sem eru felld inn í hljóð- og myndmiðlaverk. Þó ætti þetta ekki að taka til þjónustu á Netinu sem einungis veitir aðgang að nótum tónverka. Ákvæði þessarar tilskipunar ættu að tryggja nauðsynleg lágmarksgæði þjónustu yfir landamæri sem sameiginlegar umsýslustofnanir veita, nánar tiltekið með tilliti til gagnsæis þeirrar verkaskrár sem þær eru í fyrirsvari fyrir og nákvæmni fjárstreymis sem tengist notkun réttindanna. Í ákvæðunum ætti einnig að setja ramma til að auðvelda valfrjálsa samsöfnun tónlistarefnis og réttinda þannig að draga megi úr fjölda leyfa sem notandi þarf til að reka þjónustu fyrir margar verkaskrár í mörgum löndum. Þessi ákvæði ættu að gera sameiginlegri umsýslustofnun kleift að fá aðra stofnun til að vera í fyrirsvari fyrir verkaskrá sína yfir landamæri ef hún getur ekki eða óskar ekki eftir því að uppfylla kröfurnar sjálf. Stofnunin sem beiðninni er beint til ætti að vera skuldbundin til að taka við umboði stofnunarinnar sem leggur fram beiðnina, svo fremi að hún safni þegar saman verkaskrá og bjóði eða veiti leyfi yfir landamæri. Þróun lögmætrar þjónustu við tónlistarflutning á Netinu á vettvangi Sambandsins ætti einnig að stuðla að baráttu gegn því að brotið sé á höfundarrétti á Netinu.

- 41) Einkum er mikilvægt að tiltækar séu nákvæmar og yfirgripsmiklar upplýsingar um tónverk, réttihafa og réttindi sem sérhver sameiginleg umsýslustofnun hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir á tilteknu yfirráðasvæði fyrir skilvirkt og gagnsætt ferli við leyfisveitingar, vinnslu notendaskýrsla í kjölfarið og gerð reikninga á þjónustuveitendur í tengslum við það og úthlutun fjárhæða sem ber að greiða. Af þessum sökum ættu sameiginlegar umsýslustofnanir sem veita leyfi yfir landamæri vegna tónverka að geta unnið svo ítarlegar upplýsingar hratt og af nákvæmni. Til þess þarf að nota gagnasöfn um eignarhald á réttindum með notkunarleyfi yfir landamæri, sem hafa að geyma gögn þar sem gert er ráð fyrir auðkenningu verka, réttinda og réttihafa sem sameiginleg umsýslustofnun hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir og um þau yfirráðasvæði sem heimildin tekur til. Taka ætti tillit til hvers konar breytinga á þeim upplýsingum án ástæðulausrar tafar og uppfæra gagnasöfnin reglulega. Þessi gagnasöfn ættu einnig að koma að gagni til að sýna samsvörum milli upplýsinga um verk og upplýsinga um hljóðrit eða aðrar upptökur sem verkið hefur verið felld inn í. Einnig er mikilvægt að tryggja að væntanlegir notendur og réttihafar ásamt sameiginlegum umsýslustofnunum hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þau þurfa til þess að auðkenna verkaskrána sem þessar stofnanir eru í fyrirsvari fyrir. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að geta gert ráðstafanir til að vernda áreiðanleika og heilleika upplýsinganna, hafa eftirlit með endurnotkun þeirra eða til að vernda viðkvæmar viðskipta-upplýsingar.
- 42) Til þess að tryggja að upplýsingar um þær tónverkaskrár sem sameiginlegar umsýslustofnanir, sem veita leyfi yfir landamæri vegna tónverka, meðhöndla séu eins nákvæmar og mögulegt er ætti þeim að bera skylda til að uppfæra gagnasöfn sín reglulega og án tafar eftir því sem þörf krefur. Þær ættu að koma á vel aðgengilegu fyrirkomulagi til þess að þeir sem veita þjónustu á Netinu, auk réttihafa og annarra sameiginlegra umsýslustofnana, geti tilkynnt þeim um hvers konar ónákvæmni sem kann að vera í gagnasöfnum stofnananna í tengslum við þau verk sem þær eiga eða hafa eftirlit með, þ.m.t. réttindi — að fullu eða að hluta — og svæði þar sem þær hafa veitt viðkomandi sameiginlegum umsýslustofnunum umboð til að starfa, án þess þó að stofna í hættu áreiðanleika og heilleika upplýsinganna sem sameiginlega umsýslustofnunin geymir. Þar sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB<sup>(1)</sup> veitir sérhverjum skráðum aðila rétt á leiðréttingu upplýsinga sem ekki eru réttar eða fullnægjandi, að þeim sé eytt eða settar á þær aðgangshindranir ætti þessi tilskipun einnig að tryggja að rangar upplýsingar varðandi réttihafa eða aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir, þegar um er að ræða leyfi yfir landamæri, skuli leiðréttar án tafar. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu einnig að hafa möguleika á að vinna rafrænt skráningu á verkum og heimildum til að hafa umsjón með réttindum. Þar sem sjálfvirkni upplýsinga er mikilvæg fyrir hraða og skilvirka vinnslu gagna ættu sameiginlegar umsýslustofnanir að sjá um að réttihafar geti miðlað þessum upplýsingum eftir rafrænum leiðum með skipulegum hætti. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu, eftir því sem unnt er, að tryggja að með slíkum rafrænum leiðum sé tekið tillit til valfrjálstra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins.
- 43) Staðlar innan atvinnulífsins um notkun á tónlist, skýrslugjöf um sölu og reikningsgerð eru mikilvægir til að auka skilvirkni við gagnaskipti milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda. Þegar fylgst er með notkun leyfa ætti að virða grundvallarréttindi, þ.m.t. rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og rétt til verndar persónuupplýsinga. Til þess að tryggja að þessi skilvirkni leiði til hraðari úrvinnslu fjármála og að lokum til þess að réttihafar fái greitt fyrir ætti að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir geri reikninga á þjónustuveitendur og úthluti fjárhæðum til réttihafa án tafar. Til að hægt sé að framfylgja þessari kröfu er nauðsynlegt að notendur láti sameiginlegum umsýslustofnunum í té nákvæmar og tímanlegar skýrslur um notkun verka. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu ekki að þurfa að taka við skýrslum notenda á sniði sem nýtur hugverkaverndar þegar fyrir hendi eru almennir staðlar innan atvinnulífsins. Ekki ætti að koma í veg fyrir að sameiginlegar umsýslustofnanir noti útvinunarþjónustu í tengslum við leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttar til netnotkunar á tónverkum. Samnýting eða sameining á bakvinnslumöguleikum ætti að gagnast stofnunum við að bæta umsýsluþjónustu og gera fjárfestingar í tækjum til gagnastjórnunar hagkvæmari.
- 44) Að safna saman ólíkum tónverkaskráum fyrir leyfisveitingar yfir landamæri greiðir fyrir leyfisveitingaferlinu, eflir menningarlega fjölbreytni með því að gera allar verkaskrár aðgengilegar á markaðnum fyrir leyfisveitingar yfir landamæri og stuðlar að því að fjölda viðskiptafærslna, sem veitandi Netþjónustu þarf til að bjóða fram þjónustu, fækkar. Þessi samsöfnun efnis ætti að greiða fyrir þróun nýrrar þjónustu á Netinu og ætti einnig að leiða til lægri viðskiptakostnaðar fyrir neytendur. Af þeim sökum ætti að hvetja sameiginlegar umsýslustofnanir, sem ekki vilja veita leyfi yfir landamæri beint, eða geta það ekki, að því er varðar eigin tónverkaskrár, til að veita að eigin frumkvæði öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum umboð til að annast umsjón með verkaskrá þeirra án mismununar. Einkaréttarsamningar um leyfi yfir landamæri myndu takmarka þá valmöguleika sem neytendum, sem leita eftir leyfisveitingum yfir landamæri, standa til boða og einnig takmarka valmöguleika sameiginlegra umsýslustofnana sem leita

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtuð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).



eftir umsýsluþjónustu fyrir verkaskrá sína á þeim grundvelli að hún nái yfir landamæri. Þess vegna ættu allir fyrirsvarssamningar sem gerðir eru milli sameiginlegra umsýslustofnana um leyfisveitingar yfir landamæri að vera af almennum toga.

- 45) Einkum er mikilvægt fyrir félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana að þau skilyrði sem sameiginlegar umsýslustofnanir fylgja við umsjón réttinda til netnotkunar séu gagnsæ. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu því að veita félagsaðilum sínum fullnægjandi upplýsingar um helstu skilmála samninga sem veita öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum umboð til að vera í fyrirsvari fyrir réttindi á tónverkum viðkomandi félagsaðila á Netinu að því er varðar leyfisveitingu yfir landamæri.
- 46) Einnig er mikilvægt að krefjast þess að sameiginlegar umsýslustofnanir, sem bjóða eða veita leyfi yfir landamæri, samþykki að vera í fyrirsvari fyrir verkaskrá sameiginlegra umsýslustofnana sem ákveða að gera það ekki beint. Til þess að tryggja að krafan sé ekki óhófleg og að hún gangi ekki lengra en nauðsyn krefur ætti sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til einungis að samþykkja fyrirsvarið ef beiðnin er takmörkuð við réttindi á Netinu eða flokka réttinda á Netinu sem hún er sjálf í fyrirsvari fyrir. Enn fremur ætti þessi krafa einungis að gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir sem safna saman verkaskrá og ætti ekki að taka til sameiginlegra umsýslustofnana sem sjá um leyfisveitingar yfir landamæri eingöngu fyrir notkun á eigin verkaskrá. Hún ætti ekki heldur að gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir sem einungis safna saman réttindum á sömu verkum í því skyni að geta veitt sameiginlegt leyfi fyrir réttinum til eftirgerðar og réttinum til að miðla slíkum verkum til almennings. Til þess að gæta hagsmuna rétthafa sameiginlegra umsýslustofnunarinnar sem veitir umboðið og til að tryggja að litlar og síður þekktar verkaskrár í aðildarríkjunum hafi aðgang að innri markaðnum á jafnréttisgrundvelli er mikilvægt að umsjón með verkaskrá umsýslustofnunarinnar sem veitir umboðið fylgi sömu skilyrðum og verkaskrá umsýslustofnunarinnar sem fær umboðið og að hún komi fram í tilboðum frá umsýslustofnuninni sem fær umboðið til þeirra sem veita þjónustu á Netinu. Stjórnunarkostnaðurinn sem sameiginlega umsýslustofnunin sem er veitt umboðið fer fram á ætti að gera þeirri stofnun kleift að endurheimta nauðsynlegar og réttmætar fjárfestingar sem stofnað var til. Samningar þar sem sameiginleg umsýslustofnun veitir annari eða öðrum stofnunum umboð til leyfisveitingar á eigin tónverkaskrá yfir landamæri vegna netnotkunar ættu ekki að koma í veg fyrir að fyrrnefnda sameiginlega umsýslustofnunin veiti áfram leyfi, sem takmarkast við yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem viðkomandi stofnun hefur staðfestu, fyrir eigin verkaskrá og hverja aðra verkaskrá sem hún kann að hafa heimild til að vera í fyrirsvari fyrir á því yfirráðasvæði.
- 47) Markmiðinu með reglunum um leyfi sem sameiginlegar umsýslustofnanir veita yfir landamæri og skilvirkni

þeirra yrði stofnað í verulega hættu ef rétthafar gætu ekki neytt slíkra réttinda að því er varðar leyfi yfir landamæri þegar sameiginleg umsýslustofnun sem þeir gáfu heimild fyrir réttindum sínum hvorki veitti né bauð leyfi yfir landamæri og enn fremur vildi ekki veita annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til þess. Af þessum sökum væri mikilvægt í slíkum aðstæðum að gera rétt höfum kleift að neyta þeirra réttinda að veita leyfi yfir landamæri, sem krafist er af þeim sem veita þjónustu á Netinu, sjálfir eða fyrir milligöngu annars aðila, eins eða fleiri, með því að afturkalla frá upphaflegu sameiginlegu umsýslustofnuninni réttindi sín að því marki sem nauðsynlegt er til leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar og láta upprunalegu stofnunina hafa þessi sömu réttindi til leyfisveitingar innan eins ríkis.

- 48) Útvarpsfyrirtæki treysta almennt á leyfi frá staðbundinni sameiginlegri umsýslustofnun fyrir eigin útsendingar á sjónvarps- og hljóðvarpsefni sem hafa að geyma tónverk. Slíkt leyfi takmarkast oft við útvarpsrekstur. Leyfis vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum væri þörf til þess að slíkar sjónvarps- eða hljóðvarpsendingar megi líka vera aðgengilegar á Netinu. Til að auðvelda leyfisveitingar vegna réttinda til netnotkunar tónverka að því er varðar samhliða og seinkaða netbirtingu á sjónvarps- og hljóðvarpsendingum er nauðsynlegt að kveða á um undanþágu frá reglunum sem myndu að öðrum kosti gilda um leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum. Slík undanþága ætti að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til þess að hægt sé að veita aðgang að sjónvarps- eða hljóðvarpsefni á netinu og efni sem tengist augljóslega upprunalegri útsendingu og fellur undir hana og er t.d. framleitt sem viðbót við viðkomandi sjónvarps- eða hljóðvarpsefni, sem sýnishorn eða endursýning á því. Þessi undanþága ætti ekki að valda röskun á samkeppni við aðra þjónustu, sem veitir neytendum aðgang að einstaka tónverkum eða hljóð- eða myndverkum á Netinu, eða leiða til samkeppnishamla, s.s. uppskiptingu markaðar eða neytenda, sem væri brot á 101. eða 102. gr. sáttmálaus starfsemi Evrópusambandsins.
- 49) Nauðsynlegt er að tryggja skilvirka framkvæmd ákvæða landslaga einstakra aðildarríkja sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Sameiginlegar umsýslustofnanir ættu að bjóða félagsaðilum sínum sértæka málsmeðferð fyrir meðferð kvartana. Þessi málsmeðferð ætti einnig að vera aðgengileg öðrum rétt höfum sem stofnunin er beint í fyrirsvari fyrir og öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum sem hún annast umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings. Enn fremur ættu aðildarríki að geta kveðið á um að ágreiningur milli sameiginlegra umsýslustofnana, félagsaðila þeirra, rétthafa eða notenda, að því er varðar beitingu þessarar tilskipunar, verði tekinn til hraðvirkar, óháðrar og óhlutdrægrar málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla. Einkum gæti það grafið undan skilvirkni reglna um

- leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum ef deilur milli sameiginlegra umsýslustofnana og annarra aðila væru ekki leystar hratt og vel. Þar af leiðandi er rétt, með fyrirvara um rétt til aðgangs að dómstól, að kveða á um möguleikann á vel aðgengilegri, skilvirkri og óhlutdrægri málsmeðferð utan réttar, s.s. sáttaumleitun eða gerðardómi, til að leysa ágreining annars vegar milli sameiginlegra umsýslustofnana, sem veita leyfi yfir landamæri, og hins vegar þeirra sem veita þjónustu á netinu, rétthafa eða annarra sameiginlegra umsýslustofnana. Þessi tilskipun mælir hvorki um að slíkar lausnir deilumála utan dómstóla séu skipulagðar á tiltekinn hátt né ákvarðar hún hvaða aðili skuli framfylgja þeim svo fremi að sjálfstæði, óhlutdrægni og skilvirkni sé tryggð. Loks er einnig rétt að krefjast þess að aðildarríki búi yfir málsmeðferð við lausn deilumála sem er sjálfstæð, óhlutdræg og skilvirk, fyrir milligöngu aðila sem búa yfir sérþekkingu í hugverkarétti eða fyrir milligöngu dómstóla sem eru hæfir til að leysa úr ágreiningi í viðskiptamálum milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda á fyrirliggjandi eða fyrirhuguðum skilmálum um leyfisveitingar eða vegna sammingsbrots.
- 50) Aðildarríki ættu að koma á viðeigandi tilhögun sem hægt væri að beita til að fylgjast með því að sameiginlegar umsýslustofnanir fari að þessari tilskipun. Þótt það ekki eigi við að með þessari tilskipun verði val aðildarríkja á lögbærum yfirvöldum takmarkað, né heldur að því er varðar eftirlit með sameiginlegum umsýslustofnunum, sem framkvæmt er fyrir fram eða eftir á, ætti að tryggja að viðkomandi yfirvöld séu fær um að greiða úr, á skilvirkan hátt og tímanlega, hverju því máli sem upp kann að koma við beitingu þessarar tilskipunar. Aðildarríkjum ætti ekki að vera skylt að koma á fót nýjum lögbærum yfirvöldum. Enn fremur ætti að vera mögulegt fyrir félagsaðila sameiginlegrar umsýslustofnunar, rétthafa, notendur, sameiginlegar umsýslustofnanir og aðra hagsmunaaðila að tilkynna lögbæru yfirvaldi um aðgerðir eða aðstæður sem, að þeirra áliti, fela í sér að sameiginlegar umsýslustofnanir og, eftir atvikum, notendur, brjóti lög. Aðildarríki ættu að tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að setja viðurlög eða gera ráðstafanir þegar ekki er farið að ákvæðum landslaga til framkvæmdar þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun kveður ekki á um tilteknar tegundir viðurlaga eða ráðstafana svo fremi að þær séu skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Slík viðurlög eða ráðstafanir geta verið fyrirmæli um að víkja stjórnarmönnum, sem hafa sýnt vanrækslu, frá störfum, eftirlitsskoðanir á húsnæði sameiginlegrar umsýslustofnunar eða, í þeim tilvikum að heimild er gefin út um rekstur stofnunar, að afturkalla slíka heimild. Þessi tilskipun ætti að vera hlutlaus að því er varðar fyrra heimildar- og eftirlitsfyrirkomulag í aðildarríkjunum, þ.m.t. krafa um fyrirsvarshæfi sameiginlegrar umsýslustofnunar, að svo miklu leyti sem þetta fyrirkomulag er í samræmi við lög Sambandsins og kemur ekki í veg fyrir að þessari tilskipun sé beitt að fullu.
- 51) Til þess að tryggja að farið sé að kröfunum um leyfisveitingu yfir landamæri ætti að mæla fyrir um sértæk ákvæði um eftirlit með framkvæmd þeirra. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnin ættu að vinna saman í þessu skyni. Aðildarríki ættu að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð með upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda þeirra til þess að greiða fyrir eftirliti með sameiginlegum umsýslustofnunum.
- 52) Mikilvægt er að sameiginlegar umsýslustofnanir virði réttindi hvers rétthafa, félagsaðila, notanda og annarra einstaklinga, sem þær búa yfir persónuupplýsingum um, til einkalífs og verndar persónuupplýsinga. Tilskipun 95/46/EB gildir um vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum í tengslum við þá tilskipun og undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, einkum þeirra opinberu óháðu yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna. Veita ætti rétthöfum viðeigandi upplýsingar um vinnslu upplýsinga um þá, hverjir fá þessar upplýsingar, tímamörk sem gilda um geymslu slíkra gagna í gagnasafni og með hvaða hætti rétthafar geta neytt réttar síns til aðgangs að persónuupplýsingum um þá, til að leiðrétta þær eða eyða í samræmi við tilskipun 95/46/EB. Einkum ætti að meðhöndla sérstök auðkenni, þar sem gert er ráð fyrir óbeinni auðkenningu einstaklings, sem persónuupplýsingar í skilningi þeirrar tilskipunar.
- 53) Ákvæði um framfylgdarráðstafanir ættu að vera með fyrirvara um valdheimildir landsbundinna, sjálfstæðra, opinberra yfirvalda sem aðildarríki ákvarða samkvæmt tilskipun 95/46/EB til að fylgjast með að farið sé að landsbundnum ákvæðum sem hafa verið samþykkt til framkvæmdar þeirri tilskipun.
- 54) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og farið að þeim meginreglum sem felast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum“). Ákvæði í þessari tilskipun sem varða lausn deilumála ættu ekki að koma í veg fyrir að aðilar neyti réttar síns til aðgangs að dómstól eins og ábyrgst er í sáttmálanum.

- 55) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta getu félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana til að hafa eftirlit með starfsemi þeirra, að tryggja fullnægjandi gagnsæi sameiginlegra umsýslustofnana og bæta leyfisveitingar yfir landamæri á höfundarréttindum vegna netnotkunar á tónverkum, og þeim verði betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.
- 56) Ákvæði þessarar tilskipunar eru með fyrirvara um beitingu samkeppnisreglna og annarrar viðkomandi löggjafar á öðrum sviðum, þ.m.t. trúnaðarkvöð, viðskiptaleynd, friðhelgi einkalífs, aðgangur að skjölum, samningalög og alþjóðlegur einkamálaréttur er varðar lagaskil og lögsögu dómstóla, ásamt félagafrelsi launafólks og vinnuveitenda og rétti þeirra til að stofna félög.
- 57) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl<sup>(1)</sup> hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra tengsl milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.
- 58) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001<sup>(2)</sup> og skilaði hún álit 9. október 2012.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. BÁLKUR

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1. gr.

#### Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um kröfur sem eru nauðsynlegar til að tryggja eðlilega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda af hálfu sameiginlegra umsýslustofnana. Í henni er einnig mælt fyrir um kröfur um leyfisveitingar sameiginlegra umsýslustofnana yfir landamæri vegna höfundarréttinda á tónverkum fyrir netnotkun.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

#### 2. gr.

#### Gildissvið

- Ákvæði I., II., IV. og V. bálks að undanskilinni 2. mgr. 34. gr. og 38. gr. gilda um allar sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu í Sambandinu.
- Ákvæði III. bálks, 34. gr. (2. mgr.) og 38. gr. gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu í Sambandinu sem annast umsýslu höfundarréttinda yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum.
- Viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar gilda um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegrar umsýslustofnunar, að fullu eða að hluta, svo fremi að einingarnar stundi starfsemi sem félli undir ákvæði þessarar tilskipunar ef umsýslustofnunin stundaði hana.
- Ákvæði 16. gr. (1. mgr.), 18. og 20. gr., 21. gr. (a-, b-, c-, e-, f- og g-liður 1. mgr.), 36. og 42. gr. gilda um allar sjálfstæðar umsýslueiningar með staðfestu í Sambandinu.

#### 3. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sameiginleg umsýslustofnun“: hver sú skipulagsheild sem lögum samkvæmt eða með fyrirskipun, leyfi eða öðru sammingsbundnu fyrirkomulagi hefur umsjón með höfundarrétti eða réttindum sem tengjast höfundarrétti, fyrir hönd fleiri en eins rétthafa, til sameiginlegra hagsbóta fyrir þessa rétthafa, sem sitt eina eða helsta hlutverk, og sem uppfyllir eitt eða bæði eftirfarandi skilyrði:
  - hún er í eigu eða undir yfirráðum félagsaðila sinna,
  - hún er ekki starfrækt í hagnaðarskyni,
- „sjálfstæð umsýslueining“: hver þau samtök eða stofnun sem lögum samkvæmt eða með fyrirskipun, leyfi eða öðru sammingsbundnu fyrirkomulagi hefur umsjón með höfundarrétti eða réttindum sem tengjast höfundarrétti, fyrir hönd fleiri en eins rétthafa, til sameiginlegra hagsbóta fyrir þessa rétthafa, sem sitt eina eða helsta hlutverk, og sem er:
  - hvorki í eigu né undir yfirráðum rétthafa, beint eða óbeint, að fullu eða að hluta og
  - er starfrækt í hagnaðarskyni,
- „rétthafi“: einstaklingur eða eining, önnur en sameiginleg umsýslustofnun, sem er handhafi höfundarréttar eða skyldra réttinda eða á rétt á hluta af tekjum af réttindunum á grundvelli sammings um nýtingu réttinda eða samkvæmt lögum,

- d) „félagsaðili“: réttihafi eða eining sem er í fyrirsvari fyrir réttihafa, þ.m.t. aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir og samtök réttihafa, sem uppfylla kröfur sameiginlegrar umsýslustofnunar um félagsaðild og hafa fengið aðild að henni,
- e) „samþykkt“: stofnsamningur og samþykktir, stofn-samþykkt, reglur eða skjöl er varða stofnun sameiginlegrar umsýslustofnunar,
- f) „aðalfundur félagsaðila“: vettvangur innan sameiginlegrar umsýslustofnunar þar sem félagsaðilar taka þátt og neyta atkvæðisréttar síns án tillits til lagalegs forms stofnunarinnar,
- g) „stjórnarmaður“:
- i) þegar landslög eða samþykkt sameiginlegu umsýslu-stofnunarinnar kveður á um einþætta stjórn, hvaða stjórnarmaður sem er,
  - ii) þegar landslög eða samþykkt sameiginlegu umsýslu-stofnunarinnar kveður á um tvíþætta stjórn, hvaða fulltrúi í stjórn eða eftirlitsstjórn sem er,
- h) „tekjur af réttindum“: tekjur sem sameiginleg umsýslustofnun innheimtir fyrir hönd réttihafa, hvort sem þær stafa af einkarétti, rétti til þóknunar eða rétti til bóta,
- i) „umsýslukostnaður“: fjárhæðir, sem sameiginleg umsýslustofnun innheimtir, dregur frá eða jafnar á móti tekjum af réttindum eða tekjum vegna fjárfestingar tekna af réttindum, til þess að standa straum af kostnaði við umsýslu hennar á höfundarrétti eða skyldum réttindum,
- j) „fyrirsvarssamningur“: samningur milli sameiginlegra umsýslustofnana þar sem ein sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til að hafa umsjón með þeim réttindum sem hún er í fyrirsvari fyrir, þ.m.t. samningur gerður skv. 29. og 30. gr.,
- k) „notandi“: hver sá einstaklingur eða eining sem framkvæmir aðgerðir sem eru háðar heimild frá réttihöfum, þóknun til réttihafa eða greiðslu bóta til réttihafa og kemur ekki sjálfur fram sem neytandi,
- l. „verkaskrá“: þau verk sem sameiginleg umsýslustofnun sér um réttindi fyrir,
- m) „leyfi yfir landamæri“: leyfi sem tekur til yfirráðasvæðis fleiri en eins aðildarríkis,

- n) „réttindi vegna netnotkunar á tónverkum“: hver þau réttindi höfundar tónverks sem kveðið er á um skv. 2. og 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB sem er krafist til að veita megi þjónustu á Netinu.

## II. BÁLKUR

### SAMEIGINLEGAR UMSÝSLUSTOFNANIR

#### 1. KAFLI

#### *Fyrirsvar fyrir réttihafa, félagsaðild og skipulag sameiginlegra umsýslustofnana*

#### 4. gr.

#### Almennar meginreglur

Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir starfi í þágu hagsmuna réttihafa þeirra réttinda sem þær eru í fyrirsvari fyrir og að þær leggi ekki á þá neinar skyldur, sem eru ekki í raun nauðsynlegar til að vernda réttindi þeirra og hagsmuni eða til skilvirkrar umsýslu á réttindum þeirra.

#### 5. gr.

#### Réttindi réttihafa

1. Aðildarríki skulu tryggja að réttihafar séu handhafar þeirra réttinda sem mælt er fyrir um í 2.–8. mgr. og að þau réttindi séu tilgreind í samþykkt eða aðildarskilmálum sameiginlegra umsýslustofnana.

2. Réttihafar skulu eiga rétt á að heimila sameiginlegri umsýslustofnun að eigin vali að hafa umsjón með réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og annars efnis sem þeir velja sér, fyrir yfirráðasvæði sem þeir velja sér, án tillits til aðildarríkisins þar sem umsýslustofnunin eða réttihafinn hefur ríkisfang, búsetu eða staðfestu. Sameiginlegri umsýslustofnun ber skylda til að hafa umsjón með slíkum réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og öðru efni nema umsýslustofnunin hafi ástæður sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt til að neita slíkri umsýslu, svo fremi að umsýsla þeirra sé innan þess sviðs sem starfsemi hennar nær til.

3. Réttihafar skulu hafa heimild til að veita leyfi, sem ekki eru í ábataskyni, til notkunar á réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og öðru efni sem þeir kunna að velja.

4. Réttihafar skulu hafa rétt á að fella úr gildi heimild til að hafa umsjón með réttindum, flokkum réttinda eða tegundum verka og öðru efni sem þeir veita sameiginlegri umsýslustofnun eða afturkalla hver þau réttindi, flokka réttinda eða tegundir verka og annað efni sem þeir vilja hjá sameiginlegri umsýslustofnun, eins og kveðið er á um í 2. mgr., fyrir þau yfirráðasvæði sem þeir velja, með hæfilegum fyrirvara sem er ekki lengri en sex mánuðir. Sameiginleg umsýslustofnun getur ákveðið að slík uppsögn eða afturköllun taki einungis gildi í lok fjárhagsársins.

5. Ef réttihafi á rétt á fjárhæðum vegna nýtingar sem fór fram áður en heimildinni var sagt upp eða afturköllun réttindanna tók gildi, eða á grundvelli leyfis sem veitt var áður en slík uppsögn eða afturköllun tók gildi, skal réttihafinn halda réttindum sínum skv. 12., 13., 18., 20., 28. og 33. gr.

6. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu ekki takmarka nýtingu réttinda sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr. með því að krefjast þess, sem skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda, að umsýsla réttinda, flokka réttinda eða tegunda verka og annars efnis, sem fellur undir uppsögnina eða afturköllunina, verði falin annarri sameiginlegri umsýslustofnun.

7. Í þeim tilvikum að réttihafi heimilar sameiginlegri umsýslustofnun að annast umsjón með réttindum sínum skal hann veita samþykki sitt sérstaklega fyrir hver réttindi, flokk réttinda eða tegund verka og annað efni sem hann heimilar umsýslustofnuninni að hafa umsjón með. Slíkt samþykki skal sanna skriflega.

8. Sameiginleg umsýslustofnun skal tilkynna réttihöfum um réttindi þeirra skv. 1.–7. mgr., einnig um hver þau skilyrði sem fylgja réttindunum og sett eru fram í 3. mgr., áður en hún fær samþykki þeirra fyrir því að hafa umsjón með réttindum, flokki réttinda eða tegund verka og öðru efni.

Sameiginleg umsýslustofnun skal tilkynna þeim réttihöfum, sem hafa þegar veitt henni heimild, um réttindi sín skv. 1.–7. mgr., einnig um hvers konar skilyrði sem fylgja réttindunum og kveðið er á um í 3. mgr., eigi síðar en 10. október 2016.

6. gr.

#### Aðildarreglur sameiginlegra umsýslustofnana

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir fari að þeim reglum sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr.

2. Sameiginleg umsýslustofnun skal samþykkja réttihafa og einingar sem eru í fyrirvari fyrir réttihafa, þ.m.t. aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir og samtök réttihafa, sem félagsaðila ef þeir uppfylla aðildarkröfur, sem skulu byggjast á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum og vera án mismununar. Þessar aðildarkröfur skulu koma fram í samþykkt eða aðildarskilmálum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar og vera aðgengilegar öllum. Í þeim tilvikum að sameiginleg umsýslustofnun neitar að samþykkja beiðni um aðild skal hún gefa réttihafanum greinargóða útskýringu á ástæðum ákvörðunar sinnar.

3. Í samþykkt sameiginlegrar umsýslustofnunar skal kveða á um viðeigandi og skilvirkt fyrirkomulag varðandi þátttöku félagsaðilanna í ákvörðunartökufarli stofnunarinnar. Fyrirsvar mismunandi flokka félagsaðila í ákvörðunartökufarlinu skal vera sanngjarnt og jafnvægt.

4. Sameiginleg umsýslustofnun skal gera félagsaðilum sínum kleift að eiga við hana samskipti með rafrænum hætti, þ.m.t. að því er varðar að neyta réttinda sem félagsaðilar.

5. Sameiginleg umsýslustofnun skal halda skrár yfir félagsaðila sína og uppfæra þær skrár reglulega.

7. gr.

#### Réttindi réttihafa sem ekki eru félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir fari að reglunum sem mælt er fyrir um í 6. gr. (4. mgr.), 20. gr., 29. gr. (2. mgr.) og 33. gr. að því er varðar réttihafa sem hafa bein lagaleg tengsl, lögum samkvæmt eða með fyrirskipun, leyfi eða öðru sammingsbundnu fyrirkomulagi, við þær en eru ekki félagsaðilar þeirra.

2. Aðildarríki geta beitt öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar gagnvart réttihöfunum sem um getur í 1. mgr.

8. gr.

#### Aðalfundur félagsaðila sameiginlegrar umsýslustofnunar

1. Aðildarríki skulu tryggja að aðalfundur félagsaðila sé skipulagður í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 2.–10. mgr.

2. Boða skal til aðalfundar félagsaðila a.m.k. einu sinni á ári.

3. Á aðalfundi félagsaðila skal ákveða hvers kyns breytingar á samþykkt og á aðildarskilmálum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar ef þessir skilmálar eru ekki settir í samþykktinni.

4. Á aðalfundi félagsaðila skal ákveða um tilnefningu eða brottvikningu stjórnarmanna, endurskoða frammistöðu þeirra almennt og samþykkja starfskjör þeirra og önnur kjör, s.s. peningaleg og ópeningaleg fríðindi, lífeyrisgreiðslur og -réttindi, réttindi til annarra greiðslna og réttindi til biðlauna.

Í sameiginlegri umsýslustofnun með tvíþættu stjórnkerfi skal ekki ákveða á aðalfundi félagsaðila um tilnefningu eða brottvikningu fulltrúa stjórnar eða samþykkja launagreiðslur til þeirra og önnur kjör ef heimildin til að taka slíkar ákvarðanir er falin eftirlitsstjórninni.

5. Í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. bóls skal ákveða a.m.k. eitt eftirfarandi atriði á aðalfundi félagsaðila:

- a) almenna stefnu um úthlutun fjárhæða til rétthafa,
- b) almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða,
- c) almenna fjárfestingarstefnu með tilliti til tekna af réttindum og tekna af fjárfestingu tekna af réttindum,
- d) almenna stefnu um frádrátt frá tekjum af réttindum og tekjum af fjárfestingu tekna af réttindum,
- e) notkun óráðstafanlegra fjárhæða,
- f) áhættustýringarstefnu,
- g) samþykki fyrir hvers konar kaupum, sölu eða tryggingarrétti fastafjármuna,
- h) samþykki um samruna og bandalög, stofnun dótturfyrirtækja og kaup á öðrum einingum eða hlutum eða réttindum í öðrum einingum,
- i) samþykki um að taka lán, veita lán eða veita tryggingu fyrir lánum.

6. Á aðalfundi félagsaðila má framselja vald, sem tilgreint er í f-, g-, h- og i-lið 5. mgr., með ályktun eða ákvæði í samþykkt til þess aðila sem gegnir eftirlitshlutverkinu.

7. Að því er varðar a- til d- lið 5. mgr. geta aðildarríki farið fram á að á aðalfundi félagsaðila verði ákveðin ítarlegri skilyrði fyrir notkun á tekjum af réttindum og tekjum af fjárfestingu tekna af réttindum.

8. Aðalfundur félagsaðila skal hafa eftirlit með starfsemi sameiginlegu umsýslustofnunarinnar með því, a.m.k., að ákveða tilnefningu og brottvikningu endurskoðanda og samþykkja árlegu gagnsæisskýrsluna sem um getur í 22. gr.

Aðildarríki geta heimilað önnur kerfi eða annað fyrirkomulag fyrir tilnefningu og brottvikningu endurskoðanda svo fremi að

viðkomandi kerfi eða fyrirkomulag sé til þess gert að tryggja sjálfstæði endurskoðandans frá einstaklingunum sem stjórna starfsemi sameiginlegu umsýslustofnunarinnar.

9. Allir félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar skulu hafa heimild til að taka þátt í aðalfundi félagsaðila og rétt til að greiða atkvæði. Aðildarríki geta þó heimilað takmarkanir á rétti félagsaðila sameiginlegrar umsýslustofnunar til að sækja aðalfund félagsaðila og neyta atkvæðisréttar síns á grundvelli annarrar eða beggja eftirfarandi viðmiðana:

- a) tímalengdar félagsaðildar,
- b) fjárhæða sem félagsaðili hefur fengið eða á að fá greiddar,

að því tilskildu að slíkar viðmiðanir séu ákvarðaðar og þeim beitt á sanngjarnan og hóflegan hátt.

Viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skulu koma fram í samþykktinni eða skilmálum félagsaðildar sameiginlegu umsýslustofnunarinnar og vera aðgengilegar öllum í samræmi við 19. og 21. gr.

10. Hver og einn félagsaðili sameiginlegrar umsýslustofnunar skal eiga rétt á að veita öðrum einstaklingi eða einingu umboð sitt til að sækja aðalfund félagsaðila og greiða atkvæði fyrir hans hönd svo fremi að slík tilnefning valdi ekki hagsmunaárekstri sem gæti orðið, t.d. ef tilnefndi aðilinn og sá sem fer með umboðið tilheyra mismunandi flokkum rétthafa innan umsýslustofnunarinnar.

Aðildarríki geta þó kveðið á um takmarkanir varðandi tilnefningu þeirra sem fara með umboð og neyta atkvæðisréttar félagsaðila, sem þeir eru fulltrúar fyrir, ef slíkar takmarkanir hafa ekki áhrif á viðeigandi og virka þátttöku félagsaðilanna í ákvörðunartökuferli sameiginlegrar umsýslustofnunar.

Hvert umboð skal gilda fyrir einn aðalfund félagsaðila. Umboðshafi skal hafa sömu réttindi á aðalfundi félagsaðila og félagsaðilinn sem tilnefndi hann á rétt á. Umboðshafinn skal greiða atkvæði í samræmi við fyrirmælin frá félagsaðilanum sem tilnefndi hann.

11. Aðildarríki geta ákveðið að fundur skipaðra fulltrúa félagsaðila sem félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar kjósa a.m.k. á fjögurra ára fresti geti farið með valdheimildir aðalfundar félagsaðila svo fremi:

- a) að tryggð sé viðeigandi og virk þátttaka félagsaðila í ákvarðanatökufarli sameiginlegu umsýslustofnunarinnar og
- b) að skipting fulltrúa úr hinum mismunandi flokkum félagsaðila á fundinum sé sanngjörn og jafnvæg.

Reglurnar sem mælt er fyrir um í 2.–10. mgr. gilda um fund skipaðra fulltrúa að breyttu breytanda.

12. Aðildarríki geta ákveðið að ef sameiginleg umsýslustofnun, vegna rekstrarforms hennar að lögum, heldur ekki aðalfund félagsaðila skuli sá aðili sem gegnir eftirlitshlutverkinu fara með valdheimildir fundarins. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr., 7. og 8. mgr., skulu gilda að breyttu breytanda um þann aðila sem gegnir eftirlitshlutverkinu.

13. Þegar einingar sem eru í fyrirsvari fyrir rétthafa eru félagsaðilar sameiginlegrar umsýslustofnunar geta aðildarríki ákveðið að fundur þessara rétthafa hafi með höndum valdheimildir aðalfundar félagsaðila, að fullu eða að hluta. Reglurnar sem mælt er fyrir um í 2.–10. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um fund rétthafa.

9. gr.

#### Eftirlitshlutverk

1. Aðildarríki skulu tryggja að sérhver sameiginleg umsýslustofnun hafi komið á eftirlitakerfi til að fylgjast stöðugt með starfi og frammistöðu þeirra einstaklinga sem stjórna starfsemi stofnunarinnar.

2. Fyrirvar fyrir hina ólíku flokka félagsaðila sameiginlegrar umsýslustofnunar skal vera sanngjart og jafnvægt innan aðilans sem gegnir eftirlitshlutverkinu.

3. Hver einstaklingur sem gegnir eftirlitshlutverkinu skal leggja fyrir aðalfund félagsaðila sérstakt árlegt yfirlit um hagsmunaárekstra með upplýsingunum sem um getur í annari undirgrein 2. mgr. 10. gr.

4. Aðilinn sem gegnir eftirlitshlutverkinu skal halda fund reglulega og skal hann a.m.k. hafa eftirfarandi valdheimildir:

- a) að beita því valdi sem honum var falið á aðalfundi félagsaðila, þ.m.t. skv. 4. og 6. mgr. 8. gr.,
- b) að fylgjast með starfi og frammistöðu þeirra einstaklinga sem um getur í 10. gr., þ.m.t. varðandi framkvæmd ákvarðana sem teknar eru á aðalfundi félagsaðila og einkum almennra stefna sem tilgreindar eru í a- til d-lið 5. mgr. 8. gr.

5. Aðilinn sem gegnir eftirlitshlutverkinu skal gefa skýrslu um beitingu valdheimilda sinna á aðalfundi félagsaðila a.m.k. einu sinni á ári.

10. gr.

#### Skýldur þeirra einstaklinga sem stjórna starfsemi sameiginlegrar umsýslustofnunar

1. Aðildarríki skulu tryggja að sérhver sameiginleg umsýslustofnun geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þeir einstaklingar sem stjórna starfsemi hennar geri það á traustan, skynsaman og viðeigandi hátt og beiti til þess traustum stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innra eftirlitakerfi.

2. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir komi sér upp og noti aðferðir til að forðast hagsmunaárekstra og, ef ekki verður komist hjá slíkum árekstrum, að greina, stjórna, fylgjast með og birta upplýsingar um raunverulega eða hugsanlega hagsmunaárekstra þannig að koma megi í veg fyrir að þeir hafi neikvæð áhrif á sameiginlega hagsmuni rétthafanna sem stofnunin er í fyrirsvari fyrir.

Aðferðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu fela í sér að sérhver einstaklingur sendi frá sér sérstakt árlegt yfirlit, eins og um getur í 1. mgr., til aðalfundar félagsaðila með eftirfarandi upplýsingum:

- a) hvort þeir hafa einhverra hagsmuna að gæta er varða sameiginlegu umsýslustofnunina,
- b) hvort þeir hafa fengið greiðslur á næstliðnu fjárhagsári frá sameiginlegu umsýslustofnuninni, þ.m.t. frá líffeyriskerfum, greiðslur í fríðu og annars konar fríðindi,
- c) hvort þeir, sem rétthafar, hafa fengið fjárhæðir frá sameiginlegu umsýslustofnuninni á næstliðnu fjárhagsári,
- d) yfirlýsing um raunverulegan eða hugsanlegan árekstur milli persónulegra hagsmuna og hagsmuna sameiginlegu umsýslustofnunarinnar eða milli skuldbindinga gagnvart umsýslustofnuninni og skyldu gagnvart einhverjum öðrum einstaklingi eða lögaðila.

2. KAFLI

#### Umsýsla tekna af réttindum

11. gr.

#### Innheimta og notkun tekna af réttindum

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir fari að þeim reglum sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr.

2. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu vera nákvæmar við að innheimta og hafa umsjón með tekjum af réttindum.

3. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu aðgreina í bókhaldi sínu:

a) tekjur af réttindum og tekjur af fjárfestingu réttindatekna og

b) eignir, sem þær kunna að eiga og tekjur af slíkum eignum, frá umsýslukostnaði eða frá annarri starfsemi.

4. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu ekki hafa heimild til að ráðstafa tekjum af réttindum eða tekjum af fjárfestingu réttindatekna í öðrum tilgangi en að úthluta þeim til rétthafa nema þegar leyft er að umsýslukostnaðurinn komi til frádráttar eða jöfnunar í samræmi við ákvörðun sem er tekin samkvæmt d-lið 5. mgr. 8. gr., eða nota tekjur af réttindum eða tekjur af fjárfestingu réttindatekna í samræmi við ákvörðun sem er tekin samkvæmt 5. mgr. 8. gr.

5. Ef sameiginleg umsýslustofnun fjárfestir með tekjum af réttindum eða öðrum tekjum af fjárfestingu réttindatekna ber henni að gera það í þágu hagsmuna rétthafa þeirra réttinda sem hún er í fyrirsvari fyrir, í samræmi við þá almennu fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu sem um getur í c- og f-lið 5. mgr. 8. gr. og með hliðsjón af eftirfarandi reglum:

a) þegar um er að ræða hugsanlega hagsmunaárekstra skal sameiginlega umsýslustofnunin tryggja að fjárfest sé eingöngu í þágu hagsmuna þessara rétthafa,

b) eignirnar skulu fjárfestar þannig að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi eignasafnsins í heild sé tryggð,

c) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar til þess að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

#### 12. gr.

##### Frádrættir

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar rétthafi veitir sameiginlegri umsýslustofnun leyfi til að hafa umsjón með réttindum sínum beri umsýslustofnuninni að veita rétthafanum upplýsingar um umsýslukostnað og annan frádrátt frá tekjum af réttindunum og frá tekjum af fjárfestingu réttindateknanna áður en hún fær samþykki hans til að hafa umsjón með réttindum hans.

2. Frádráttur skal vera sanngjarn með tilliti til þjónustunnar sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir réttihöfum, þ.m.t., eftir því sem við á, þjónustunnar sem um getur í 4. mgr., og skal ákveðinn á grundvelli hlutlægra viðmiðana.

3. Umsýslukostnaður skal ekki fara yfir rökstuddan og skráðan kostnað sem sameiginlega umsýslustofnunin stofnar til við umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda.

Aðildarríki skulu tryggja að gildandi kröfur um notkun og gagnsæi við notkun þeirra fjárhæða sem eru dregnar frá eða jafnaðar að því er varðar umsýslukostnað gildi um aðrar fjárhæðir sem eru dregnar frá til að greiða kostnaðinn við umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda.

4. Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu sem er fjármögnuð með því sem er dregið frá réttindatekjum eða tekjum af fjárfestingum réttindatekna, skal slík þjónusta veitt á grundvelli sanngjarnra viðmiðana, einkum að því er varðar aðgang að slíkri þjónustu og umfang hennar.

#### 13. gr.

##### Úthlutun fjárhæða til rétthafa

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 15. gr. og 28. gr. skulu aðildarríkin tryggja að sérhver sameiginleg umsýslustofnun úthluti og greiði fjárhæðir til rétthafa reglulega, af kostgæfni og nákvæmni í samræmi við almenna stefnu um úthlutun sem um getur í a-lið 5. mgr. 8. gr.

Aðildarríki skulu einnig tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir eða félagsaðilar þeirra, sem eru einingar í fyrirsvari fyrir rétthafa, úthluti og greiði þessar fjárhæðir til rétthafa eins fljótt og mögulegt er en eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess fjárhagsárs þegar tekjur af réttindunum voru innheimtar, nema hlutlægar ástæður er varða einkum skýrslugjöf notenda, staðfestingu á réttindum, réttihöfum eða þörun upplýsinga um verk og annað efni við rétthafa komi í veg fyrir að sameiginlega umsýslustofnunin eða, eftir atvikum, félagsaðilar hennar, virði þann frest.

2. Þegar ekki er hægt að úthluta fjárhæðum sem réttihöfum ber innan frestsins, sem tilgreindur er í 1. mgr., vegna þess að ekki er vitað hverjir rétthafarnir eru eða ekki er hægt að hafa uppi á þeim og undanþágan frá þessum fresti gildir ekki, skal þessum fjárhæðum haldið aðgreindum í bókhaldi sameiginlegu umsýslustofnunarinnar.

3. Sameiginlega umsýslustofnunin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við 1. mgr., til að bera kennsl á rétthafana og hafa uppi á þeim. Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fresturinn, sem tilgreindur er í 1. mgr., rennur út skal sameiginlega umsýslustofnunin einkum gera upplýsingar um verk og annað efni þegar ekki er vitað hver rétthafi, eða rétthafar, að því er eða hvar hann er að finna, aðgengilegar:

a) réttihöfunum sem hún er í fyrirsvari fyrir eða einingunum, sem eru í fyrirsvari fyrir rétthafa, þegar slíkar einingar eru félagsaðilar sameiginlegu umsýslustofnunarinnar og



- b) öllum sameiginlegum umsýslustofnunum sem hún hefur gert fyrirvarssamninga við.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu, ef þær eru fyrir hendi, fela í sér eftirfarandi atriði:

- a) titil verks eða annars efnis,
- b) nafn réttshafans,
- c) nafn viðkomandi útgefanda eða framleiðanda og
- d) aðrar viðkomandi upplýsingar sem liggja fyrir og gætu gagnast við að staðfesta deili á réttshafanum.

Sameiginlega umsýslustofnunin skal einnig sannprófa skrárnar sem um getur í 5. mgr. 6. gr. og aðrar skrár sem greiður aðgangur er að. Ef árangur næst ekki með framangreindum ráðstöfunum skal sameiginlega umsýslustofnunin gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum eigi síðar en einu ári eftir að þriggja mánaða tímabilið rennur út.

4. Þegar ekki er hægt að úthluta fjárhæðum til rétthafa eftir þrjú ár frá lokum fjárhagsársins þegar innheimta tekna af réttindunum fór fram, og svo fremi að sameiginlega umsýslustofnunin hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að staðfesta deili á og hafa uppi á réttöfunum sem um getur í 3. mgr., skulu þessar fjárhæðir teljast óráðstafanlegar.

5. Á aðalfundi félagsaðila sameiginlegrar umsýslustofnunar skal ákveða hvernig óráðstafanlegar fjárhæðir skuli notaðar í samræmi við b-lið 5. mgr. 8. gr. með fyrirvara um rétt réttshafanna til að gera kröfu í slíkar fjárhæðir frá sameiginlegu umsýslustofnuninni í samræmi við lög aðildarríkjanna um takmörkunarákvæði varðandi kröfur.

6. Aðildarríki geta takmarkað eða ákvarðað leyfða notkun á óráðstafanlegum fjárhæðum, m.a. með því að tryggja að slíkar fjárhæðir séu notaðar á aðgreindan og óháðan hátt til þess að fjármagna félagslega, menningarlega og menntunartengda starfsemi í þágu rétthafa.

### 3. KAFLI

#### Umsýsla réttinda fyrir hönd annarra sameiginlegra umsýslustofnana

##### 14. gr.

#### Umsýsla réttinda á grundvelli fyrirvarssamninga

Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun mismuni ekki réttöfum þeirra réttinda sem hún hefur umsjón

með á grundvelli fyrirvarssamnings, einkum með tilliti til viðeigandi gjaldskrár, umsýslukostnaðar og skilyrða vegna innheimtu tekna af réttindum og úthlutunar fjárhæða til rétthafa.

##### 15. gr.

#### Frádrættir og greiðslur í fyrirvarssamningum

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun dragi ekki annað en umsýslukostnað frá tekjum af þeim réttindum sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirvarssamnings, eða frá tekjum af fjárfestingu tekna af þeim réttindum, nema hin sameiginlega umsýslustofnunin sem er aðili að fyrirvarssamningnum samþykki slíkan frádrátt með skýrum hætti.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin skal úthluta fjárhæðum sem öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum ber og greiða þær reglulega, af kostgæfni og nákvæmni.

3. Sameiginlega umsýslustofnunin skal annast slíka úthlutun og greiðslur til hinnar sameiginlegrar umsýslustofnunarinnar eins fljótt og mögulegt er, en eigi síðar en níu mánuðum frá lokum fjárhagsársins þegar tekjur af réttindunum voru innheimtar, nema hlutlægar ástæður er varða einkum skýrslugjöf notenda, staðfestingu á réttindum, réttöfum eða pörum upplýsinga um verk og annað efni varðandi rétthafa komi í veg fyrir að umsýslustofnunin virði þann frest.

Hin sameiginlega umsýslustofnunin eða þeir félagsaðilar hennar sem eru einingar í fyrirvari fyrir rétthafa þeirra skal úthluta og greiða fjárhæðirnar sem réttöfum ber eins fljótt og mögulegt er en eigi síðar en sex mánuðum frá því að hafa móttekið fjárhæðirnar, nema hlutlægar ástæður er varða einkum skýrslugjöf notenda, staðfestingu á réttindum, réttöfum eða pörum upplýsinga um verk og annað efni varðandi rétthafa komi í veg fyrir að sameiginlega umsýslustofnunin eða, eftir atvikum, félagsaðilar hennar virði þann frest.

### 4. KAFLI

#### Tengsl við notendur

##### 16. gr.

#### Leyfisveiting

1. Aðildarríki skulu tryggja að samningaviðræður sameiginlegra umsýslustofnana og notenda um leyfisveitingu réttinda fari fram í góðri trú. Sameiginlegar umsýslustofnanir og notendur skulu veita hver öðrum allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Skilmálar leyfisveitinga skulu byggjast á hlutlægum viðmiðunum án mismununar. Við leyfisveitingar réttinda þurfa sameiginlegar umsýslustofnanir ekki að nota, sem fordæmi fyrir aðra þjónustu á Netinu, skilmála við leyfisveitingar sem samið var um við notanda þegar hann veitir nýja tegund þjónustu á Netinu sem hefur verið aðgengileg almenningi í Sambandinu skemur en þrjú ár.

Réttihafar skulu fá viðeigandi þóknun fyrir notkun á réttindum þeirra. Gjaldskrár fyrir einkarétt og rétt til þóknunar skulu vera sanngjarnar, m.a. að því er varðar fjárhagslegt virði réttindanotkunar í viðskiptum, með tilliti til eðlis og umfangs notkunar verka og annars efnis, einnig að því er varðar fjárhagslegt virði veittrar þjónustu sameiginlegra umsýslustofnana. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu upplýsa viðkomandi notanda um viðmiðanirnar sem eru notaðar við ákvörðun gjaldskráa.

3. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu svara án ótilhlýðilegrar tafar beiðnum frá notendum, og gefa m.a. til kynna hvaða upplýsingar þarf til að sameiginlega umsýslustofnunin geti boðið leyfi.

Við móttöku allra viðeigandi upplýsinga skal sameiginleg umsýslustofnun án ótilhlýðilegrar tafar annaðhvort veita leyfi eða láta notandann fá rökstudda yfirlýsingu með útskýringu á því hvers vegna hún ætlar ekki að heimila tiltekna þjónustu.

4. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu gera notendum kleift að eiga samskipti við þær með rafrænum hætti, þ.m.t. eftir atvikum, að því er varðar skýrslugjöf um notkun leyfisins.

17. gr.

#### Skyldur notenda

Aðildarríki skulu samþykkja ákvæði til að tryggja að notendur láti sameiginlegri umsýslustofnun í té, innan þess tíma sem samkomulag var gert um eða ákveðinn var fyrir fram og á því formi sem samkomulag var gert um eða ákveðið var fyrir fram, slíkar viðkomandi upplýsingar sem þeir búa yfir um notkun þeirra réttinda, sem sameiginlega umsýslustofnunin er í fyrirsvari fyrir, og þörf er á vegna innheimtu tekna af réttindum og fyrir úthlutun og greiðslu fjárhæða til réttihafa. Við ákvörðun á því formi sem veita skal slíkar upplýsingar skulu sameiginlegar umsýslustofnanir og notendur, eftir því sem hægt er, taka tillit til valfrjálsra staðla innan atvinnulíffins.

5. KAFLI

#### Gagnsæi og skýrslugjöf

18. gr.

#### Upplýsingar sem veittar eru réttihöfum um umsýslu réttinda þeirra

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, 19. gr. og 28. gr. (2. mgr.) skulu aðildarríki tryggja að sameiginleg

umsýslustofnun hafi tiltækar, ekki sjaldnar en einu sinni á ári, fyrir hvern réttihafa sem hún hefur úthlutað réttindatekjum eða innt af hendi greiðslu til á tímabilinu sem upplýsingarnar varða, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) hverjar þær samskiptaupplýsingar sem réttihafi hefur heimilað sameiginlegu umsýslustofnuninni að nota til þess að staðfesta deili á og hafa uppi á honum,
- b) tekjur af réttindum sem úthlutaðar eru réttihafanum,
- c) fjárhæðir sem sameiginlega umsýslustofnunin greiðir réttihafa fyrir hvern flokk réttinda sem hún hefur umsjón með og hverja tegund notkunar,
- d) tímabilið þegar notkunin, sem fjárhæðum var úthlutað fyrir og greiddar réttihafanum, fór fram, nema hlutlægar ástæður er varða skýrslugjöf notenda komi í veg fyrir að sameiginlega umsýslustofnunin veiti þessar upplýsingar,
- e) frádrátt vegna umsýslukostnaðar,
- f) frádrátt er varðar annað en umsýslukostnað, þ.m.t. frádráttur sem kann að vera krafist að landslögum vegna veitingar hvers kyns félagslegrar, menningarlegrar eða menntunartengdrar þjónustu,
- g) hvers kyns tekjur af réttindum sem réttihafa er úthlutað og eru útistandandi á hverjum tíma.

2. Þegar sameiginleg umsýslustofnun úthlutar réttindatekjum og hefur sem félagsaðila einingar sem bera ábyrgð á að úthluta réttihöfum tekjum af réttindum skal sameiginlega umsýslustofnunin veita þessum einingum upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 1. mgr. svo fremi að þær hafi ekki upplýsingarnar undir höndum. Aðildarríki skulu tryggja að einingarnar geri a.m.k. upplýsingarnar, sem eru taldar upp í 1. mgr., tiltækar, ekki sjaldnar en einu sinni á ári, hverjum réttihafa sem þau hafa útteilt tekjum af réttindum eða innt af hendi greiðslur til á því tímabili sem upplýsingarnar tengjast.

19. gr.

#### Upplýsingar veittar annarri sameiginlegri umsýslustofnun um réttindaumsýslu á grundvelli fyrirvarssamninga

Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun geri a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar, ekki sjaldnar en einu sinni á ári og með rafrænum hætti, þeim sameiginlegu umsýslustofnunum sem hafa umsjón með réttindum fyrir þeirra hönd á grundvelli fyrirvarssamnings, fyrir það tímabil sem upplýsingarnar tengjast:

- a) úthlutaðar tekjur af réttindum, fjárhæðir greiddar af sameiginlegu umsýslustofnuninni fyrir hvern flokk réttinda sem hún hefur umsjón með, og hverja tegund notkunar, fyrir réttindin sem hún hefur umsjón með á grundvelli fyrirvarssamningsins og úthlutaðar réttindatekjur sem eru ógreiddar á hverjum tíma,
- b) frádráttur vegna umsýslukostnaðar,
- c) frádráttur vegna annars en sem varðar umsýslukostnað eins og um getur í 15. gr.,
- d) upplýsingar um leyfi sem eru veitt eða hafnað að því er varðar verk og annað efni sem fyrirvarssamningurinn tekur til,
- e) ályktanir, samþykktar á aðalfundi félagsaðila, að því marki sem þessar ályktanir tengjast umsýslu réttindanna sem falla undir fyrirvarssamninginn.

20. gr.

**Upplýsingar, veittar réttihöfum, öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og notendum samkvæmt beiðni**

Með fyrirvara um 25. gr. skulu aðildarríki tryggja að sameiginleg umsýslustofnun geri, í svari við vel rökstuddri beiðni, a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi aðgengilegar, með rafrænum hætti og án ótilhlýðilegrar tafar, hverri þeirri sameiginlegu umsýslustofnun, sem hún hefur umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirvarssamnings, eða hverjum réttihafa eða notanda:

- a) verkin eða annað efni sem hún er í fyrirvari fyrir, réttindin sem hún hefur umsjón með, beint eða á grundvelli fyrirvarssamninga, og yfirlýðingarnar sem um er að ræða eða
- b) þegar ekki er hægt að ákvarða slík verk eða annað efni, tegundir verka eða annað efni sem hún er í fyrirvari fyrir, réttindin sem hún hefur umsjón með og yfirlýðingarnar sem þau taka til, vegna umfangs starfsemi umsýslustofnunarinnar.

21. gr.

**Opinber birting upplýsinga**

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun birti opinberlega a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) samþykkt sína,
- b) skilmála félagsaðildar og skilmála uppsagnar leyfis til að hafa umsjón með réttindum ef þeir koma ekki fram í samþykktinni,
- c) staðlaða leyfissamninga og staðlaðar viðeigandi gjaldskrár, þ.m.t. afslætti,

- d) skrá yfir þá einstaklinga sem um getur í 10. gr.,
- e) almenna stefnu um úthlutun fjárhæða til réttihafa,
- f) almenna stefnu um umsýslukostnað,
- g) almenna stefnu um frádrætti, aðra en þann er varðar umsýslukostnað, frá tekjum af réttindum og frá tekjum af fjárfestingu réttindatekna, þ.m.t. frádrætti í tengslum við félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu,
- h) skrá yfir þá fyrirvarssamninga sem hún hefur gert og heiti þeirra sameiginlegu umsýslustofnana sem þessir fyrirvarssamningar hafa verið gerðir við,
- i) almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða,
- j) meðhöndlun kvartana og málsmeðferð við lausn deilumála sem er fyrir hendi í samræmi við 33., 34. og 35. gr.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin skal birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. og uppfæra þær á opinberu vefsetri sínu.

22. gr.

**Árleg gagnsæisskýrsla**

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun, án tillits til rekstrarforms hennar að innlendum lögum, semji og birti árlega gagnsæisskýrslu, þ.m.t. sérstöku skýrsluna sem um getur í 3. mgr., fyrir hvert fjárhagsár eigi síðar en átta mánuðum frá lokum viðkomandi fjárhagsárs.

Sameiginlega umsýslustofnunin skal birta á vefsetri sínu árlegu gagnsæisskýrsluna sem skal vera aðgengileg almenningi á vefsetrinu í a.m.k. fimm ár.

2. Árlega gagnsæisskýrslan skal innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem settar eru fram í viðaukanum.

3. Í sérstakri skýrslu skal fjalla um notkun fjárhæðanna sem dregnar eru frá fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og skal hún innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. lið viðaukans.

4. Reikningsskilupplýsingar sem fram koma í árlegu gagnsæisskýrslunni skulu endurskoðaðar af einum eða fleiri löggiltum endurskoðendum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB<sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjútö. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

Endurskoðunarskýrslan ásamt öllum athugasemdum við hana skal birt í heild í árlegu gagnsæisskýrslunni.

25. gr.

#### Gagnsæi upplýsinga um verkaskrár yfir landamæri

Að því er varðar þessa málsgrein skulu reikningsskilauplýsingar fela í sér reikningana sem um getur í a-lið 1. liðar viðaukans og hvers konar fjárhagsupplýsingar sem um getur í g- og h-lið 1. liðar og í 2. lið viðaukans.

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun, sem veitir leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, láti þeim sem veita þjónustu á Netinu, rétt höfum sem hún sér um réttindi fyrir og öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum í té uppfærðar upplýsingar, með rafrænum hætti, sem svar við tilhlýðilega rökstuddri beiðni, svo hægt sé að greina tónverkaskrána á Netinu sem hún er í fyrirsvari fyrir. Þetta felur í sér:

### III. BÁLKUR

#### LEYFISVEITINGAR SAMEIGINLEGRA UMSÝSLUSTOFNANA Á RÉTTINDUM YFIR LANDAMÆRI VEGNA NETNOTKUNAR Á TÓNVERKUM

23. gr.

#### Leyfisveitingar yfir landamæri á innri markaðnum

Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir sem komið er á fót á yfirráðasvæði þeirra fari að kröfunum í þessum bálki við leyfisveitingar á réttindum yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum.

a) tónverkin sem hún er í fyrirsvari fyrir,

b) réttindin sem hún er í fyrirsvari fyrir, að öllu leyti eða að hluta, og

c) svæðin sem um er að ræða.

24. gr.

#### Geta til að gefa út leyfi yfir landamæri

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun, sem veitir réttindaleyfi yfir landamæri vegna netnotkunar tónverka, hafi fullnægjandi getu til að vinna með rafrænum hætti, á skilvirkan og gagnsæjan hátt, gögn sem þarf fyrir umsjón slíkra leyfa, þ.m.t. í því skyni að skilgreina verkaskrána og fylgjast með notkun hennar, útbúa reikninga á notendur, innheimta tekjur af réttindum og úthluta fjárhæðum til rétthafa.

2. Sameiginlegu umsýslustofnuninni er heimilt að gera réttmætar ráðstafanir, ef nauðsyn krefur, til að vernda áreiðanleika og heilleika gagnanna, til að hafa eftirlit með endurnotkun þeirra og til að vernda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

26. gr.

#### Áreiðanleiki upplýsinga um verkaskrár yfir landamæri

2. Að því er varðar 1. mgr. skal sameiginleg umsýslustofnun a.m.k. uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hafa hæfni til að greina nákvæmlega, að öllu leyti eða að hluta, þau tónverk sem sameiginlega umsýslustofnunin hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir,

b) hafa hæfni til að greina nákvæmlega, að öllu leyti eða að hluta, að því er varðar hvert viðkomandi yfirráðasvæði, þau réttindi og samsvarandi rétthafa þeirra fyrir hvert tónverk, eða hlutdeild í því, sem sameiginlega umsýslustofnunin hefur heimild til að vera í fyrirsvari fyrir,

c) nýta sér sérstök auðkenni til þess að staðfesta deili á rétt höfum og tónverkum, eftir því sem mögulegt er, með tilliti til valfrjálsra staðla og starfsvenja innan atvinnulífsins, sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins,

d) nýta sér viðeigandi aðferðir til þess að greina og leysa tímanlega og á skilvirkan hátt úr ósamræmi í gögnum í vörslu annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sem veita leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum.

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun sem veitir leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum hafi fyrir hendi fyrirkomulag sem gerir rétt höfum, öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og þeim sem veita þjónustu á Netinu kleift að fara fram á leiðréttingu á gögnunum sem um getur í upptalningunni á skilyrðunum í 2. mgr. 24. gr., eða upplýsingunum sem veittar eru skv. 25. gr. þegar slíkir rétthafar, sameiginlegar umsýslustofnanir og þeir sem veita þjónustu á Netinu telja, á grundvelli réttmætra sönnunargagna, að gögnin eða upplýsingarnar séu rangar að því er varðar rétt þeirra til netnotkunar á tónverkum. Þegar kröfurnar eru nægilega vel rökstuddar skal sameiginlega umsýslustofnunin tryggja að gögnin eða upplýsingarnar séu leiðréttar án ótilhlýðilegrar tafar.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin skal sjá rétt höfum sem eiga tónverk í tónverkaskrá hennar sjálfar og rétt höfum sem hafa falið henni umsjón með réttindum til netnotkunar tónverka sinna, í samræmi við 31. gr., fyrir leiðum til að leggja fram í rafrænu formi upplýsingar um tónverk þeirra, réttindi þeirra til þessara verka og um yfirráðasvæðin sem rétthafarnir veita stofnuninni heimild fyrir. Sameiginlega umsýslustofnunin og rétthafarnir skulu, eftir því sem mögulegt er, í tengslum við þetta taka tillit til valfrjálsra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins að því er varðar skipti á gögnum, sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins og gera rétt höfum kleift að tilgreina tónverk, að fullu eða að hluta, netrétindi, að fullu eða að hluta, og yfirráðasvæðin sem þeir veita stofnuninni heimild fyrir.

3. Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til að veita leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, skv. 29. og 30. gr., skal sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið einnig beita 2. mgr. þessarar greinar að því er varðar réttihafa sem eiga tónverk í verkaskrá stofnunarinnar sem veitir umboðið, nema sameiginlegu umsýslustofnanirnar komist að samkomulagi um annað.

27. gr.

#### Nákvæm og tímanleg skýrslugjöf og reikningsgerð

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginleg umsýslustofnun hafi eftirlit með netnotkun þjónustuveitenda, sem hún hefur veitt leyfi yfir landamæri á netréttingum vegna tónverka sem hún er í fyrirsvari fyrir, að fullu eða að hluta.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin skal bjóða þeim sem veita þjónustu á Netinu möguleika á að gefa skýrslu með rafrænum hætti um raunverulega notkun netréttinga á tónverkum og þjónustuveitendur á Netinu skulu gefa nákvæma skýrslu um raunverulega notkun þessara verka. Sameiginlega umsýslustofnunin skal hafa í boði a.m.k. eina aðferð til skýrslugjafar þar sem tekið er tillit til valfrjálsra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins, sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins fyrir rafræn skipti á slíkum gögnum. Sameiginlega umsýslustofnunin getur neitað að samþykkja skýrslugjöf þjónustuveitanda á Netinu á sniði sem nýtur hugverkaverndar ef umsýslustofnunin gerir ráð fyrir skýrslugjöf þar sem notaðir eru almennir staðlar atvinnulífsins fyrir rafræn skipti á gögnum.

3. Sameiginlega umsýslustofnunin skal senda þeim, sem veita þjónustu á Netinu, reikninga með rafrænum hætti. Sameiginlega umsýslustofnunin skal hafa í boði a.m.k. eitt snið þar sem tekið er tillit til valfrjálsra staðla eða starfsvenja innan atvinnulífsins sem eru þróaðir á alþjóðlegum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins. Á reikningnum skulu verk og réttindi, sem leyfi er veitt fyrir, tilgreind, að fullu eða að hluta, á grundvelli gagnanna, sem um getur í lista yfir skilyrði skv. 2. mgr. 24. gr., og samsvarandi raunverulegri notkun, að því marki sem mögulegt er á grundvelli upplýsinganna frá þeim sem veita þjónustu á Netinu og sniðinu sem er notað til að veita þær upplýsingar. Þeir sem veita þjónustu á Netinu geta ekki neitað að samþykkja reikninga vegna sniðsins ef sameiginlega umsýslustofnunin notar staðal sem er almennt notaður í atvinnulífinu.

4. Sameiginlega umsýslustofnunin skal reikningsfæra netþjónustuveitandann rétt og án tafar eftir að skýrsla er gefin um raunveruleg réttindi til netnotkunar á viðkomandi tónverki, nema þegar það er ekki hægt af ástæðum sem rekja má til þjónustuveitandans.

5. Sameiginlega umsýslustofnunin skal ráða yfir fullnægjandi fyrirkomulagi sem gerir netþjónustuveitandanum kleift að gera athugasemdir við nákvæmni reikningsins, m.a. þegar þjónustuveitandinn tekur á móti reikningum frá einni eða fleiri sameiginlegum umsýslustofnunum fyrir sömu netréttingi vegna sama tónverks.

28. gr.

#### Nákvæm og tímanleg greiðsla til réttihafa

1. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu aðildarríki tryggja að sameiginleg umsýslustofnun, sem sér um leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, úthluti fjárhæðum, sem réttihafar eiga að fá og safnast hafa upp vegna slíkra leyfa, á nákvæman hátt og án tafar eftir að tilkynnt er um raunverulega notkun á verkinu nema þegar það er ekki mögulegt af ástæðum sem rekja má til veitanda þjónustunnar á Netinu.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal sameiginlega umsýslustofnunin veita réttihöfum a.m.k. eftirfarandi upplýsingar ásamt með hverri greiðslu sem hún innir af hendi skv. 1. mgr.:

- tímabilið þegar notkunin, sem réttihafar eiga að fá fjárhæðir fyrir, fór fram og yfirráðasvæðið þar sem notkunin fór fram.
- innheimtar fjárhæðir, frádráttur og fjárhæðir sem sameiginlega umsýslustofnunin úthlutar fyrir hverja netnotkun á hverju því tónverki sem réttihafar hafa heimilað umsýslustofnuninni, að fullu eða að hluta, að vera í fyrirsvari fyrir,
- fjárhæðir sem eru innheimtar fyrir réttihafa, frádráttur frá þeim og fjárhæðir sem sameiginlega umsýslustofnunin úthlutar að því er varðar hvern þjónustuveitanda á Netinu.

3. Þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til leyfisveitinga yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, skv. 29. og 30. gr., skal sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið úthluta fjárhæðunum, sem um getur í 1. mgr., af nákvæmni og án tafar og skal hún veita sameiginlegu umsýslustofnuninni sem veitir umboðið upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. Sameiginlega umsýslustofnunin sem veitir umboðið skal bera ábyrgð á síðari úthlutunum slíkra fjárhæða og veita slíkar upplýsingar réttihöfum nema sameiginlegu umsýslustofnanirnar komi sér saman um annað.

29. gr.

#### Samningar milli sameiginlegra umsýslustofnana vegna leyfisveitinga yfir landamæri

1. Aðildarríki skulu tryggja að sérhver fyrirsvarssamningur milli sameiginlegra umsýslustofnana, þar sem sameiginleg umsýslustofnun veitir annarri sameiginlegri umsýslustofnun umboð til leyfisveitinga yfir landamæri vegna réttar til netnotkunar á tónverkum sem eru í tónverkaskrá hennar, sé af almennum toga. Sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið skal hafa umsjón með þessum réttindum vegna netnotkunar án mismununar.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin sem veitir umboðið skal tilkynna félagsaðilum sínum um helstu skilmála samningsins, þ.m.t. gildistíma og kostnað við veitta þjónustu sameiginlegu umsýslustofnunarinnar sem fær umboðið.

3. Sameiginlega umsýslustofnunin sem fær umboðið skal tilkynna sameiginlegu umsýslustofnuninni sem veitir umboðið um helstu skilmálana um leyfisveitingu réttinda til netnotkunar síðarnefndu stofnunarinnar, þ.m.t. hvers eðlis notkunin er, öll ákvæði sem tengjast eða hafa áhrif á leyfisgjöld, gildistíma leyfisins, reikningsskilatímabil og yferráðasvæði sem leyfið tekur til.

30. gr.

#### **Skylda til að vera í fyrirsvari fyrir aðra sameiginlega umsýslustofnun vegna leyfisveitinga yfir landamæri**

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar sameiginleg umsýslustofnun, sem veitir ekki leyfi eða býður ekki leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum í eigin verkaskrá, fer fram á að önnur sameiginleg umsýslustofnun geri samning um að vera í fyrirsvari fyrir viðkomandi réttindi, verður sameiginlega umsýslustofnunin, sem beiðninni er beint til, að samþykkja viðkomandi beiðni ef hún hefur þegar veitt leyfi eða boðið leyfisveitingu yfir landamæri fyrir sama flokk réttinda til netnotkunar á tónverkum í verkaskrá einnar eða fleiri annarra sameiginlegra umsýslustofnana.

2. Sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til skal svara sameiginlegu umsýslustofnuninni, sem leggur fram beiðnina, skriflega og án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Með fyrirvara um 5. og 6. mgr. skal sameiginlega umsýslustofnunin, sem beiðninni er beint til, hafa umsjón með verkaskrá þeirri sem sameiginlega umsýslustofnunin sem leggur fram beiðnina er í fyrirsvari fyrir með sömu skilyrðum og hún notar við umsýslu eigin verkaskrár.

4. Sameiginlega umsýslustofnunin, sem beiðninni er beint til, skal hafa þá verkaskrá sameiginlegu umsýslustofnunarinnar sem leggur fram beiðnina, sem hún er í fyrirsvari fyrir, í öllum tilboðum sem hún beinir til þeirra sem veita þjónustu á Netinu.

5. Umsýslukostnaður vegna þjónustu, sem sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til veitir stofnuninni sem leggur fram beiðnina, skal ekki vera meiri en eðlilegur kostnaður sem sameiginlega umsýslustofnunin sem beiðninni er beint til hefur stofnað til.

6. Sameiginlega umsýslustofnunin sem leggur fram beiðnina skal veita sameiginlegu umsýslustofnuninni, sem beiðninni er beint til, aðgang að upplýsingum sem tengjast eigin

tónverkaskrá og sem eru nauðsynlegar til leyfisveitingar yfir landamæri vegna réttar til netnotkunar á tónverkum. Þegar upplýsingar eru ekki fullnægjandi eða veittar á formi sem gerir sameiginlegu umsýslustofnuninni, sem beiðninni er beint til, ekki kleift að uppfylla kröfur þessa bálks skal hún eiga rétt á að innheimta fyrir kostnaði sem stofnað er til á eðlilegan hátt við það að uppfylla slíkar kröfur eða að útiloka þau verk sem ekki eru nægar upplýsingar um eða ekki er hægt að nota.

31. gr.

#### **Aðgangur að leyfisveitingum yfir landamæri**

Aðildarríki skulu tryggja að þegar sameiginleg umsýslustofnun veitir ekki eða býður ekki leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum, eða leyfir ekki annarri sameiginlegri umsýslustofnun að vera í fyrirsvari fyrir þessi réttindi í þeim tilgangi fyrir 10. apríl 2017, geta réttihafar sem hafa veitt þeirri sameiginlegu umsýslustofnun heimild til að vera í fyrirsvari fyrir réttindi sín vegna netnotkunar á tónverkum afturkallað leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum frá henni að því er varðar öll yferráðasvæði, án þess að þurfa að afturkalla leyfisveitingu vegna netnotkunar á tónverkum innan eins ríkis, til þess að veita leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum sínum sjálfir eða fyrir milligöngu einhvers annars aðila sem þeir veita heimild eða fyrir milligöngu sameiginlegrar umsýslustofnunar sem fer að ákvæðum þessa bálks.

32. gr.

#### **Undanþága frá réttindum til netnotkunar á tónverkum fyrir hljóðvarps- og sjónvarpsefni**

Kröfurnar samkvæmt þessum bálki skulu ekki gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir þegar þær veita, á grundvelli valfrjálsar uppsöfnunar þeirra réttinda sem þarf, í samræmi við samkeppnisreglur skv. 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, leyfi yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum sem útvarpsrekandi þarf til að miðla til almennings hljóðvarps- eða sjónvarpsefni um leið og eða eftir upphaflega útsendingu þeirra ásamt hvers konar öðru efni á Netinu, þ.m.t. sýnishorn, framleidd af eða fyrir útvarpsrekanda, sem er viðbót við upphaflega útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis.

IV. BÁLKUR

#### **FRAMFYLGDARRÁÐSTAFANIR**

33. gr.

#### **Meðferð kærumála**

1. Aðildarríki skulu tryggja að sameiginlegar umsýslustofnanir hafi tiltækt fyrir félagsaðila sína og sameiginlegar umsýslustofnanir, sem þær hafa umsjón með réttindum fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings, skilvirkt og tímanlegt ferli til að bregðast við kvörtunum, einkum að því er varðar heimild til að hafa umsjón með réttindum og segja upp eða afturkalla réttindi, skilmála félagsaðildar, innheimtu fjárhæða til réttihafa, frádrætti og úthlutunar.

2. Sameiginlegar umsýslustofnanir skulu svara skriflega kvörtunum félagsaðila eða sameiginlegra umsýslustofnana sem þær fara með réttindi fyrir á grundvelli fyrirsvarssamnings. Þegar sameiginleg umsýslustofnun hafnar kvörtun skal hún gefa upp ástæður þess.

34. gr.

#### Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla

1. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að deilur milli sameiginlegra umsýslustofnana, félagsaðila sameiginlegra umsýslustofnana, rétthafa eða notenda er varða ákvæði landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, verði teknar til hraðvirkrar, óháðrar og óhlutdrægrar málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla.

2. Aðildarríki skulu tryggja, að því er varðar III. bálk, að eftirfarandi deilur er varða sameiginlega umsýslustofnun með staðfestu á yferráðasvæði þeirra, sem veitir leyfi eða býður leyfisveitingu yfir landamæri vegna réttinda til netnotkunar tónverka, verði teknar til óháðrar og óhlutdrægrar málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla:

- a) deilur við raunverulegan eða mögulegan aðila sem veitir þjónustu á Netinu varðandi beitingu 16., 25., 26. og 27. gr.,
- b) deilur við einn eða fleiri rétthafa varðandi beitingu 25., 26., 27., 28., 29., 30. og 31. gr.,
- c) deilur við aðra sameiginlega umsýslustofnun varðandi beitingu 25., 26., 27., 28., 29. og 30. gr.,

35. gr.

#### Lausn deilumála

1. Aðildarríki skulu tryggja að hægt sé að taka deilur milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda, einkum um fyrirliggjandi og fyrirhugaða skilmála leyfisveitinga eða vegna samningsbrots, fyrir dómstól, eða ef við á, fyrir annan óháðan og óhlutdrægan aðila sem sér um lausn deilumála þegar sá aðili hafi sérþekkingu á hugverkarétti.

2. Ákvæði 33. og 34. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á réttindi aðila til að halda fram og verja réttindi sín með því að höfða mál fyrir dómi.

36. gr.

#### Reglufylgni

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld, tilnefnd í þeim tilgangi, hafi eftirlit með því að sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á yferráðasvæði þeirra fari að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu tryggja að fyrir hendi séu verklagsreglur sem gera félagsaðilum sameiginlegrar umsýslustofnunar, rétthöfum, notendum, sameiginlegum umsýslustofnunum og

öðrum hagsmunaaðilum kleift að tilkynna lögbærum yfirvöldum, sem eru tilnefnd í því skyni, um aðgerðir eða aðstæður sem, að þeirra áliti, teljast brot á ákvæðum landslaga sem samþykkt eru samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

3. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld, tilnefnd í því skyni, hafi heimild til að beita viðeigandi viðurlögum eða gera viðeigandi ráðstafanir þegar ákvæði landslaga sem eru samþykkt til framkvæmdar þessari tilskipun hafa ekki verið virt. Þessi viðurlög og ráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbæru yfirvöldin sem um getur í þessari grein og í 37. og 38. gr. eigi síðar en 10. apríl 2016. Framkvæmdastjórnin skal birta fengnar upplýsingar með tilliti til þess.

37. gr.

#### Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda

1. Til þess að auðvelda eftirlit með beitingu þessarar tilskipunar skal hvert og eitt aðildarríki tryggja að lögbæra yfirvaldið, sem tilnefnt er í því skyni, bregðist án tafar við beiðni um upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis, sem er tilnefnt í því skyni, um mál sem varða beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana með staðfestu á yferráðasvæði aðildarríkisins sem beiðninni er beint til, svo fremi að beiðnin sé vel rökstudd.

2. Þegar lögbært yfirvald telur að sameiginleg umsýslustofnun sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki en starfar innan yferráðasvæðis þess, virði ekki ákvæði landslaga aðildarríkisins þar sem viðkomandi sameiginleg umsýslustofnun hefur staðfestu, sem hafa verið samþykkt samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, er því heimilt að senda allar viðkomandi upplýsingar til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem sameiginlega umsýslustofnunin hefur staðfestu ásamt beiðni til þess yfirvalds, ef við á, um að það grípi til viðeigandi aðgerða er falla undir valdsvið þess. Lögbæra yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal veita rökstutt svar innan þriggja mánaða.

3. Einnig getur lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðnina vísað málum, sem um getur í 2. mgr., til sérfræðingahóps sem komið er á í samræmi við 41. gr.

38. gr.

#### Samvinna við þróun leyfisveitinga yfir landamæri

1. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að reglulegum upplýsingaskiptum milli lögbæru yfirvaldanna, sem eru tilnefnd í þessu skyni í aðildarríkjum, og milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, um stöðu og þróun leyfisveitinga yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin skal reglulega hafa samráð við fulltrúa réttshafa, sameiginlegar umsýslustofnanir, notendur, neytendur og aðra hagsmunaaðila um reynslu þeirra af beitingu ákvæða III. bóls þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal veita lögbærum yfirvöldum allar viðkomandi upplýsingar sem koma fram í þessum viðræðum, innan rammans um upplýsingaskipti sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríki skulu tryggja að eigi síðar en 10. október 2017 skili lögbær yfirvöld þeirra framkvæmdastjórninni skýrslu um stöðu og þróun leyfisveitinga yfir landamæri á yfirráðasvæði þeirra. Í skýrslunni skulu m.a. vera upplýsingar um aðgengileika leyfa yfir landamæri í hlutaðeigandi aðildarríki og hvernig sameiginlegar umsýslustofnanir virða ákvæði landslaga sem eru samþykkt til framkvæmdar III. bóls þessarar tilskipunar ásamt mati á þróun leyfisveitinga yfir landamæri með tilliti til notenda, neytenda, réttshafa og annarra hagsmunaaðila vegna réttinda til netnotkunar á tónverkum.

4. Á grundvelli móttækinnar skýrslu skv. 3. mgr. og upplýsinganna sem er safnað skv. 1. og 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta beitingu ákvæða III. bóls þessarar tilskipunar. Ef nauðsyn krefur, og eftir því sem við á, á grundvelli sérstakrar skýrslu skal hún þhuga að grípa til frekari aðgerða til að bregðast við hvers konar greindum vanda. Þetta mat skal einkum taka til eftirfarandi atriða:

- fjölda sameiginlegra umsýslustofnana sem uppfylla kröfurnar í III. bóli,
- beitingar 29. og 30. gr., þ.m.t. fjölda fyrirsvarssamninga sem sameiginlegar umsýslustofnanir gera samkvæmt þessum greinum,
- hlutfalls af verkaskrá í aðildarríkjunum sem er tiltækt til leyfisveitinga yfir landamæri.

#### V. BÁLKUR

#### SKÝRSLUGJÖF OG LOKAÁKVÆÐI

39. gr.

#### Tilkynning um sameiginlegar umsýslustofnanir

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 10. apríl 2016, láta framkvæmdastjórninni í té, á grundvelli þeirra upplýsinga sem þau búa yfir, skrá yfir sameiginlegar umsýslustofnanir sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á þeirri skrá án ótilhlýðilegrar tafar.

Framkvæmdastjórnin skal birta og uppfæra þessar upplýsingar.

40. gr.

#### Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 10. apríl 2021, meta beitingu þessarar tilskipunar og leggja fyrir Evrópuþingið og

ráðið skýrslu um beitingu hennar. Í þeirri skýrslu skal koma fram mat á áhrifum þessarar tilskipunar á þróun þjónustu yfir landamæri, menningarlega fjölbreytni, samband milli sameiginlegra umsýslustofnana og notenda og um starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana með staðfestu utan Sambandsins í Sambandinu og, ef þörf krefur, um þörf á endurskoðun. Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

41. gr.

#### Sérfræðingahópur

Sérfræðingahópi er hér með komið á fót. Hann skal skipaður fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í sérfræðingahópnum og skal hópurinn funda að frumkvæði formanns hans eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis. Hlutverk hópsins skal vera sem hér segir:

- að rannsaka áhrif lögleiðingar þessarar tilskipunar á starfsemi sameiginlegra umsýslustofnana og sjálfstæðra umsýslueininga á innri markaðnum og vekja athygli á hvers kyns vandkvæðum,
- að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;
- að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um viðeigandi þróun á sviði löggjafar og dómaframkvæmdar og um viðeigandi þróun á sviði efnahags-, félags-, menningar- og tæknimála, einkum í tengslum við stafræna markaðinn fyrir verk og annað efni.

42. gr.

#### Vernd persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga sem fer fram innan ramma þessarar tilskipunar fellur undir tilskipun 95/46/EB.

43. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. apríl 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.



44. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

45. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. KOURKOULAS

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

1. Upplýsingar sem eiga að koma fram í árlegu gagnsæisskýrslunni sem um getur í 2. mgr. 22. gr.:
  - a) reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur yfir fjárhagsárið og yfirlit um sjóðstreymi,
  - b) skýrsla um aðgerðir á fjárhagsárinu,
  - c) upplýsingar um synjun leyfisveitingar skv. 3. mgr. 16. gr.,
  - d) lýsing á rekstrarformi að lögum og stjórnunarháttum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar,
  - e) upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta,
  - f) upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem er greidd einstaklingum, sem um getur í 3. mgr. 9. gr. og 10. gr. á næstliðnu ári og önnur fríðindi sem þeim eru veitt,
  - g) fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 2. lið þessa viðauka,
  - h) sérstök skýrsla um notkun fjárhæðanna sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, með upplýsingunum sem um getur í 3. lið þessa viðauka.
2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegu gagnsæisskýrslunni:
  - a) fjárhagsupplýsingar um tekjur af réttindum, fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar (t.d. útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis, netnotkun, opinberan flutning), þ.m.t. upplýsingar um tekjur af fjárfestingu réttindatekna og notkun slíkra tekna (hvort sem þeim er úthlutað til rétthafa eða annarra sameiginlegra umsýslustofnana eða notaðar á annan hátt),
  - b) fjárhagsupplýsingar um kostnað við umsjón með réttindum og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum, ásamt ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:
    - i. allur rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði,
    - ii. rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við skipta niður slíkum óbeinum kostnaði, einungis að því er varðar réttindaumsýslu, þ.m.t. umsýslukostnaður sem dreginn er frá eða jafnaður á móti tekjum af réttindum eða tekjum af fjárfestingu á réttindatekjum í samræmi við 4. mgr. 11. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 12. gr.,
    - iii. rekstrar- og fjárhagskostnaður að því er varðar þjónustu aðra en réttindaumsýslu en að meðtalinni félagslegri, menningarlegri og menntunartengdri þjónustu,
    - iv. fjármagn notað til að greiða kostnað,
    - v. frádráttur frá tekjum af réttindum, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og eftir tegund notkunar og af hverju frádrátturinn stafar, s.s. kostnaður er varðar réttindaumsýslu eða félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu,
    - vi. hlutfallið, sem kostnaður við réttindaumsýslu og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum, tengist í samanburði við réttindatekjur á viðkomandi fjárhagsári, eftir flokki þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar kostnaður er óbeinn og ekki hægt að skipta honum niður á einn eða fleiri flokka réttinda, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að úthluta slíkum óbeinum kostnaði,
  - c) fjárhagsupplýsingar um fjárhæðir til rétthafa með ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:
    - i. heildarfjárhæðinni sem er úthlutað á rétthafa, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,
    - ii. heildarfjárhæðinni sem er greidd rétthöfum, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,
    - iii. tíðni greiðslna, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

- iv. heildarfjárhæð sem er innheimt en hefur enn ekki verið úthlutað réttihöfum, sundurliðaðri eftir flokkum réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar viðkomandi fjárhæðir voru innheimtar,
  - v. heildarfjárhæð sem réttihafar eiga að fá en hefur ekki verið úthlutað, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar þessar fjárhæðir voru innheimtar,
  - vi. þegar sameiginleg umsýslustofnun hefur ekki úthlutað greiðslum innan þess frests sem settur er í 1. mgr. 13. gr., ástæðum þessarar tafar,
  - vii. óráðstafanlegum fjárhæðum í heild, ásamt skýringu á notkun þessara fjárhæða,
- d) upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir með lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:
- i. móttæknum fjárhæðum frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og fjárhæðum sem greiddar eru til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,
  - ii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá réttindatekjum til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,
  - iii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá þeim fjárhæðum sem aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir greiða, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda og eftir stofnunum,
  - iv. fjárhæðum sem er úthlutað beint til réttihafa og koma frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sundurliðuðum eftir flokki réttinda og stofnunum.
3. Upplýsingar sem ber að gefa í sérstöku skýrslunni sem um getur í 3. mgr. 22. gr.:
- a) fjárhæðirnar sem eru dregnar frá vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu á fjárhagsárinu, sundurliðaðar eftir tegund tilgangs og, fyrir hverja tegund tilgangs, sundurliðaðar eftir flokki réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar,
  - b) útskýring á notkun þessara fjárhæða, sundurliðuðum eftir tegund tilgangs, þ.m.t. kostnaður við umsýslu fjárhæða sem dregnar eru frá til að fjármagna félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og sérstakra fjárhæða sem notaðar eru fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu.
-